

Ársskýrsla Fimleikasambands Íslands **2015**

Lögð fram á ársþingi 13. maí 2016



Efnisyfirlit

Ávarp formanns.....	4
Skýrsla stjórnar.....	6
Stjórn FSÍ og starfsfólk	6
Íþróttaping ÍSÍ fór fram 17. – 18. apríl	6
Áskorun frá FSÍ til ÍSÍ um val ÍSÍ á íþróttamanni ársins.....	7
Innlent starf.....	7
Afrekskonur fimleikanna.....	10
Samstarfsaðilar	11
Smáþjóðaleikar	12
Norðurlandamótið í hóp fimleikum	13
Nefndir starfandi á árinu.....	14
Fimleikafólk ársins 2015.....	16
Helstu afrek ársins 2015.....	20
Innlend mót.....	23
Erlend mót.....	25
Skýrsla fræðslunefndar FSÍ 2015-2016	28
Tafla yfir fræðsludagskrá og þátttöku 2015 – 2106	28
Fjöldi námskeiða og þátttaka á þjálfaranámskeiðum í sérgreinahluta FSÍ frá 1999 út janúar 2015	29
Móttökunámskeið í hóp fimleikum frá 2010 til maí 2015	29
Skýrsla nefndar um Fimleika fyrir Alla FFA.....	31
Skýrsla vegna setu Hlífur Þorgeirsdóttur í TC-GFA-UEG.....	32
Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum	36
Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum.....	38
Skýrsla tækninefndar í hóp fimleikum	40
Skýrsla landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum kvenna.....	45
Skýrsla landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum karla	47
Yfirlit – ýmsar upplýsingar.....	49
Starfsmerki FSÍ	49
Gullmerki FSÍ	50
Heiðursskjöldur fyrir brautryðjendastörf.....	50
Heiðursfélagar FSÍ	50
Afreksmerki FSÍ	50
Formenn FSÍ	51
Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum	51
Íslandsmeistarar í hóp fimleikum.....	51
Fimleikamenn ársins	52

Afrek ársins	53
Skráðir keppendur félaga á FSÍ mót 2015	54
Landsliðskeppendur í áhaldafimleikum 2015	55
Landsliðskeppendur í hópfinleikum 2015	56



Arnar Ólafsson

Formaður Fimleikasambands Íslands

Fimleikasambandið stendur á spennandi tímamótum.

Fimleikahreyfingin hefur á síðustu árum haft umsjón með Evrópumóti, nokkrum Norðurlandamótum og fimleikahluta Smáþjóðaleikanna. Í kjölfar þessarar holskeflu erlendra verkefna, sem hefur tekið á hreyfinguna, er tímabært að nýta kraftana í að bæta innra starf til hagsbóta fyrir íslenska fimleika. Þar ber fyrst að nefna leyfiskerfið, sem áætlað er að innleiða í nokkrum skrefum, því fyrsta strax í haust. Með þessu skrefi vonumst við að ferðalag sé hafið til enn betra starfs innan hreyfingarinnar. Að auki má nefna átak í samskiptamálum, fimleikum fyrir alla og vörumerkingu fimleika.

Framundan er 50 ára afmæli sambandsins og á þeim tímamótum ber okkur að minnast þeirra sem borið hafa keflið frá stofnun sambandsins, án þeirra værum við ekki þar sem við erum í dag. Við þurfum að gæta þess að saga hreyfingarinnar sé aðgengileg áhugasömum og gera þeim sem lagt hafa á sig ómælda vinnu fyrir sambandið þar hátt undir höfði. Á síðurtu tíu árum höfum við farið úr því að hafa um þrjú þúsund iðkendur í yfir þrettán þúsund.

Á sama tíma stendur hreyfingin frammi fyrir stórum áskorunum sem við verðum að takast á við. Við þurfum að halda fleiri iðkendum lengur innan hreyfingarinnar; Við þurfum að styðja betur við afreksfólkið okkar; Við þurfum að auka gæðin í öllu sem viðkemur fimleikum með aukinni fræðslu; Við þurfum að skilgreina okkur betur með vörumerkingu (branding); Við þurfum að gera okkur meira gildandi innan íslensku íþróttahreyfingarinnar; Við þurfum líka að varða leiðina áfram og vera óhrædd við breytingar og gagnrýni því þróun er óumflýjanleg.

Fimleikar fyrir alla

Það er gleðiefni að sífellt fleiri iðka fimleika en á sama tíma eru mikil sóknarfæri fólgin í því að ná að halda iðkendum lengur að fimleikum. Sambandið hefur sett sér markmið um að auka veg fimleika fyrir alla á næstu árum, það er mikilvægt að iðkendur sem ekki finna sig í afrekslínu hafi möguleika á að halda áfram í fimleikum. Strax í haust er ætlunin að kynna tvær tegundir fimleika fyrir alla að breskri fyrirmynd. Það er vonandi að allir sjái hag í því að auka veg fimleika fyrir alla innan síns félags. Í framtíðinni gætum við uppskorið þjálfara, dómara og leiðtoga úr þessum hópi.

Afreksstarfið

Það er fagnaðarefni að í sumar mun Ísland eiga fulltrúa í áhaldafimleikum kvenna á Ólympíuleikunum í Ríó, það er í fyrsta skipti sem Ísland á fulltrúa í kvennakeppni Ólympíuleika. Til þess að afreksfólkið okkar geti náð enn betri árangri þarf það meiri stuðning -serstaklega fjárhagslega. Við þurfum að horfa til þess að fyrir Tokyo 2020 verða breytingar á því hvernig fimleikafólk ávinnur sér sæti inná leikana, bæði í liða- og einstaklingskeppni. Í því sambandi þurfum við að setja okkur markmiðssetta áætlun og vinna samkvæmt því næstu öðu.

Í hóp fimleikum þurfum við að spýta í lófana, við höfum sett okkur markmið að vera þar í fremstu röð. Við sjáum hinsvegar að önnur lönd eru að leggja mun meira í hóp fimleika en áður og eflaust stutt í það að yngri hóp fimleikalönd, t.d. Bretland, fari að keppa til verðlauna. Þar þurfum við líka að setja okkur markmið og gera áætlanir fram í tímann.

Við getum ekki krafist árangurs án þess að kosta til þess. Raunveruleiki íslensks afreksíþróttamanns í fimleikum er í dag háður fjárhag foreldra, það má ekki vera ásættanlegt. Gríðarlegur kostnaður leiðir til brottfalls og við því þarf að sporna.

Aukin fræðsla - aukin gæði

Fimleikasambandið er heppið að búa að einu albesta menntakerfi íslensks sérsambands, það á stóran þátt í því að fleyta okkur á þann stall sem við erum á í dag. Það fólk sem hefur borið hitann og þungann af menntakerfinu hefur gert það af myndarbrag. En við þurfum að horfast í augu við að kennsla er í mikilli þróun; börnin okkar læra ekki á sama hátt og fyrri kynslóðir; stafræn bylting hefur gert það að verkum að hver sem hefur aðgang að snjallsíma getur lært ótrúlega hluti. Þessa tækni þurfum við að nýta okkur; en á sama tíma þurfum við líka að skoða hvað er að gerast í sölnum okkar, langar raðir, dauður tími, léleg nýting og skortur á gleði er raunveruleiki sem við verðum að horfast í augu við og taka á. Við verðum að auka gæðin í salnum, gæta þess að æfingátíminn sé notaður til æfinga og hver iðkandi sé virkur því sem næst allan æfingátímann. Við verðum líka að gæta þess að hafa gleðina með í för og gæta að andlegu hliðinni; hvar er það meitlað í stein að það þurfi allt að vera svona alvarlegt inn í fimleikasál ?

Við erum risastór

Fimleikasambandið er nú þriðja stærsta samband landsins með yfir þrettán þúsund iðkendur. Við eigum Olympíufara, Evrópumeistara, Evrópuverðlaunahafa, Norðurlandameistara og afreksfólk sem er á brúninni að ná inn í úrslit stórmóta, að auki sinnum við þeim sem ekki eru afreksmiðaðir. En þegar kemur að úthlutun frá ÍSÍ njótum við ekki sannmælis, hjá þeim erum við "fagurfræðileg" íþrótt - hvað sem það nú er! Við megum þó ekki gleyma að við höfum áorkað miklu, en það er alveg ljóst að við þurfum að gera okkur meira gildandi innan ÍSÍ, við þurfum að bæta ímynd okkar gagnvart ríki, sveitafélögum og forystufólki íþróttamála. Einhverjir hafa fleygt því fram að þetta sé vegna þess að okkar samband er að miklum meirihluta skipað konum; ég neita að trúa því að það sé raunin árið 2016.

Látum rödd okkar berast, sameinuð stöndum við og styðjum áfram af öllum mætti við okkar glæsilega fimleikafólk.

Arnar Ólafsson,
Formaður

Skýrsla stjórnar

Stjórn FSÍ og starfsfólk

Á fimleikabíngi 2015 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Arnar Ólafsson, formaður.

Aðrir stjórnarmenn eru: Kristinn Arason, varaformaður, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi.

Í varastjórn voru kostnir: Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir og Axel Ólafur Þórhannesson.

Stjórn hélt reglulega fundi á árinu, auk stjórnarmanna sátu fulltrúar eftirfarandi nefnda sem áheyrnafulltrúar með málfrelsi og tillögurétt: fulltrúi tækninefndar kvenna, fulltrúi tækninefndar karla, fulltrúi tækninefndar í hóp fimleikum, fulltrúi laganeftndar, fulltrúi fræðsluneftndar og fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla.

Eva Hrund Gunnarsdóttir lét af störfum framkvæmdastjóra í júní og tók Sólveig Jónsdóttir við hennar störfum, ásamt því að Sæunn Viggósdóttir var ráðin inn sem fjármálastjóri sambandsins. Fyrir á skrifstofunni var Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mótamála. Einar Ólafsson, varaformaður 2014 lét af störfum á þingi og færir stjórn honum bestu þakkir fyrir framlag hans til fimleikahreyfingarinnar.

Landsliðsþjálfarar í áhaldafimleikum voru að störfum allt árið. Í áhaldafimleikum kvenna voru það: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir í samstarfi við dómaraeftnd skipaða þeim Berglinði Pétursdóttur og Hlín Bjarnadóttur, alþjóðlegum dómurum og meðlimum í tæknineftnd kvenna. Áhaldafimleikar karla: Róbert Kristmannsson í samstarfi við dómaraeftnd skipaða þeim Birni Magnúsi Tómassyni og Sigurði Hrafni Péturssyni, alþjóðlegum dómurum og meðlimum í tæknineftnd karla. Nánar má lesa um þeirra störf seinna í skýrslunni.

Landsliðsþjálfari í hóp fimleikum, Olga Bjarnadóttir, tók til starfa á haustmánuðum og hóf undirbúning fyrir Evrópumótið 2016.

Umsvif Fimleikasambandsins halda áfram að vaxa. Fimleikahreyfingin hefur enn og aftur sannað mátt sinn í skipulagningu og samvinnu. Saman héldum við hvorki meira né minna en tvö erlend mót hér á landi á árinu 2015, Smáþjóðaleika og Norðurlandamót í hóp fimleikum og hlutum einróma lof fyrir framkvæmdina. Við getum svo sannarlega verið stolt af okkar fagfólki og þeim sjálfboðaliðum sem leggja fimleikahreyfingunni lið með svo óeigingjörnu starfi, að eftir er tekið.

Sjálfboðaliðar eru mikilvægasti mannauður sem íþróttahreyfingin á, fimleikahreyfingin er rík af fólki sem unnið hefur óeigingjarnt starf í áráraðir og á svo stóran þátt í velgengni íslensks fimleikafólks. Án þeirra væri ekki hægt að vinna allt það góða starf sem á sér stað úti í hreyfingunni.

Íþróttabíng ÍSÍ fór fram 17. – 18. apríl

Sjaldan hefur fimleikafólk komið jafn oft fyrir á Íþróttabíngi ÍSÍ líkt og á þessu þingi.

Elsa Jónsdóttir var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ. Elsa starfaði í fjölda ára innan Íþróttafélagsins Gerplu eða frá árunum 1983-1993 og lengst af var hún formaður fimleikadeildar en árið 1989 var hún formaður félagsins. Elsa starfaði einnig innan Fimleikasambandsins á árinunum 1986 - 1996.

Margrét Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður Fimleikasambandsins var kjörin Heiðursfélagi ÍSÍ. Margrét var stofnandi Íþróttafélagsins Gerplu og er ein af þeim sem komu félaginu til manns. Margrét hefur starfað náið með fleiri félögum eins og Glóð í Kópavogi. Auk langrar stjórnarsetu í Gerplu, þar sem hún var meðal annars í formennsku, sat Margrét í stjórn Fimleikasambandsins í mörg ár þar sem hún sinnti formennsku í 6 ár. Margrét og Elsa unnu einmitt saman innan FSÍ frá árunum 1988 - 1994.

Jón Finnbogason var kjörinn inn í varastjórn ÍSÍ. Jón sat í stjórn FSÍ á árunum 1998 - 2000 en ákvað svo að færa sig nær grasrótinni og var kjörinn formaður Íþróttafélagsins Gerplu frá árinu 2006 - 2013.

Jón var ekki sá eini úr fimleikahreyfingunni sem fór inn í varastjórn ÍSÍ, frjálsíþrótt- og fimleikakonan Þórey Edda Elísdóttir var einnig kjörin á þinginu.

Áskorun frá FSÍ til ÍSÍ um val ÍSÍ á íþróttamanni ársins

Á formannafundi Fimleikasambands Íslands (FSÍ) sem haldinn var þann 25. september sl. var einróma samþykkt að fela stjórn FSÍ að koma eftirfarandi áskorun á framfæri við stjórn ÍSÍ. Sambærilegri áskorun hefur áður verið beint til ÍSÍ, eftir ályktun Fimleikabings, en á þeim tíma tóku ýmis önnur sérsambönd og íþróttabandalög undir ályktunina.

„Það er mat FSÍ að þegar litið er yfir farinn veg þá virðist vera að íþróttafréttamenn telji afrek karlkyns íþróttamanna merkilegri en kvenkyns íþróttamanna. Viðhorf breytast ekki af sjálfu sér, þau breytast í kjölfar baráttu. Í þeim efnum má segja að baráttan snúist um stóru myndina, það er að afrek íþróttakvenna verði metin til jafns við afrek íþróttakarla.

Kona hefur 4 sinnum frá 1956 verið valin íþróttamaður ársins. Það eru 4 skipti af 59. Ómögulegt er að trúa því að svo mikill munur sé á afrekum íþróttakvenna og íþróttakarla á þessu tímabili. Afrek þeirra á því tímabili sem hér um ræðir eru mörg og glæsileg. Of langt mál yrði að telja þau upp hér. Það hefur hins vegar sýnt sig að konum hefur ekki verið gert jafn hátt undir höfði.

Öll sérsambönd innan raða ÍSÍ velja bæði íþróttamann og íþróttakonu. Með þátttöku sinni á hátíð íþróttafréttamanna um val á íþróttamanni ársins samsamar ÍSÍ sér við hátíð íþróttafréttamanna með þeim hætti að í hugum almennings er ekki greint þar á milli. Enda er merki ÍSÍ og viðurkenningar sérsambanda áberandi á hátíðinni. Auk þess er verðlaunagripurinn sjálfur varðveittur á skrifstofu ÍSÍ. Það er því ljóst að ÍSÍ tekur virkan þátt í hátíðinni, þó svo að valið sjálft sé í höndum íþróttafréttamanna.

Með erindi þessu er ályktun formannafundar Fimleikasambands Íslands komið áleiðis til ÍSÍ og skorað á stjórn ÍSÍ að beita sér nú þegar fyrir breytingum sem fela í sér að jafnræði kynja verði tryggt á 100 ára kosningaafmæli kvenna með því að velja íþróttakarla og íþróttakonu ársins 2015.“

Íþróttamaður ársins 2015 var kjörin Eygló Gústafsdóttir sundkona, Fimleikasamband Íslands er stolt af þessari frábæru íþróttakonu.

Innlent starf

Móta og dómaranefnd

Móta og dómaranefnd var starfrækt samkvæmt samþykkt á þinginu 2015 og hóf hún störf seinni hluta ársins. Nefndin vann með það að markmiði að móta tillögur um mótamál sambandsins til framtíðar og að móta tillögur um dómaragildi, greiðslur og mótagjöld FSÍ.

Helstu verkefni nefndarinnar:

- Að finna leiðir til að mæta auknum keppendafjölda FSÍ.
- Að taka afstöðu til möguleikans á deildarkeppnum og liðakeppnum.
- Að taka afstöðu til fjölda dómaragilda á mótum með tilliti til yfirtöku FSÍ á dómaragreiðslum.
- Að taka afstöðu til upphæðar mótagjalda með tilliti til kostnaðar FSÍ á mótum.
- Hvernig á að framkvæma mót, ásynd og fleira.
- Hvernig ber að tilkynna þegar eitthvað fer úrskeiðis á mótum.

Nefndina skipuðu:

Ingvar Kristinsson formaður hópsins, Auður Vala Gunnarsdóttir, Daði Snær Pálsson, Halla Karí Hjaltested, Olga Bjarnadóttir, Sif Pálsdóttir, Kristín Ívarsdóttir, Íris Svavarsdóttir og Sæunn Viggósdóttir

Fimleikasambandið er vinnuhópnum ákaflega þakklátt fyrir mikið og metnaðarfullt starf.

Liðakeppni á haustmóti í áhaldafimleikum

Á Fimleikapingi 2015 kom fram áskorun frá félögunum um að keppt væri í liðakeppni á haustmóti í áhaldafimleikum. Áskoruninni var tekið og liðakeppni var prófuð í fyrsta skipti á haustmóti í 4. og 5. þrepi karla og kvenna, með góðum árangri og mikilli ánægju þátttakenda og aðstandenda.

Fyrirkomulagið var þannig að það var eitt lið frá félagi í aldursflokk í þrepi. Frjáls fjöldi í liði – allir keppa – 3 telja til stiga á hverju áhaldi. Þau félög sem ekki ná í lið sameinast í eitt blandað lið.

Fimleikasambandið stóð fyrir 20 mótum á árinu og tók þátt í 9 erlendum verkefnum. Mótahald er sívaxandi ár frá ári og hefur t.d. vaxið um hátt í 40% frá árinu 2010.

Aðgönguskírteini FSÍ

Á haustmánuðum tók Fimleikasambandið upp þá nýbreytni að gefa út aðgönguskírteini á mót og viðburði sambandsins. Það er mikið af fólki sem hefur lagt á sig ómælda vinnu í þágu fimleika í gegnum tíðina en hefur horfið á braut í tímann rás. Það er von stjórnar að með þessu framtaki náist að sameina þetta kraftmikla fólk á áhorfendapöllum, þar sem keppendur uppskera og fimleikaunndendum gefst tækifæri til að bæði njóta keppinnar og hvetja fólkið okkar áfram.

Aðgönguskírteini A skal gefið út, til eins árs, til stjórnar FSÍ, formanna nefnda FSÍ, starfsmanna FSÍ, forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ, heiðurfélaga og gullmerkishafa FSÍ, fyrrverandi formanna FSÍ og samstarfsaðila FSÍ.

Aðgönguskírteini B skal gefið út til formanna fimleikadeilda og fastanefnda FSÍ.

Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara skv. ákvörðun tækninefndar.



Fjöldatölur í hreyfingunni

Nú þegar hefur þjálfaraskortur verið að gera vart við sig í hreyfingunni og því ærið verkefni fyrir hana að hlúa vel að þjálfurum fyrir allan þennan fjölda af iðkendum sem sækjast eftir því að vera fimleikamenn í nánustu framtíð.

Hreyfingin er að yngjast enn meira, þrátt fyrir að vera vaxandi. Af tölunum er það ljóst að betur má ef duga skal, iðkendur eru að koma mjög ungir inn í hreyfinguna en virðast staldra stutt við. Verkefnið er krefjandi en færa má rök fyrir því að fimleikahreyfingin standi vel að vígi þegar kemur að því að kveikja áhuga fyrir greininni vegna þess hversu ungir iðkendurnir eru þegar þeir kynnast henni.

Stjórn Fimleikasambandsins hefur sett sér þau markmið að fjölga verkefnum tengdum Fimleikum fyrir alla, auka hlut sýningarfimleika og skapa þannig landslag þar sem fleiri geta fundið sér stað til að dafna innan hreyfingarinnar.

Hér má má sjá hvernig iðkendur dreifast eftir kyni, aldri og bæjarfélögum.



Fundir haldnir á árinu

1. maí var haldinn formannafundur þar sem farið var yfir málefni Fimleikabings 2015.

25. september var haldinn formanna- og framkvæmdastjórafundur, þar sem farið var yfir verkefni vetrarins.

Reglugerðir FSÍ hafa verið í yfirferð og voru helstu breytingar kynntar á fundinum.

Fyrstu skrefin í yfirtöku greiðslna fyrir dómaraströf voru tekin á árinu og mun vinna tengd þessum málaflokki halda áfram. Til þess að hefja þetta ferli var ákveðið að sambandið tæki til að byrja með 3 mót til reynslu yfir á vorönn 2016.

Erindi frá Fræðslunefnd FSÍ var flutt á fundinum þar sem farið var yfir fræðsludagskrá, þjálfaraskírteini og ný námskeið sem nefndin hyggst koma á laggirnar.

26. september fór fram samráðsfundur þjálfara. Á fundinum fóru THF, TKV og TK fara yfir kröfur móta, auk þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á móta og keppnisreglum. Einnig fór Fræðslunefnd yfir fræðsluáætlun vetrarins og kynnti breytingar. Landsliðsþjálfarar fóru yfir verkefnastöðu sem lá fyrir veturinn, lágmörk og fjölda keppenda í alþjóðlegum verkefnum. Landsliðsþjálfari í hóp fimleikum tók til starfa og kynnti ferlið sem lá fyrir í vegferðinni á EM 2016 í Slóveníu.

26. september var haldinn kynningafundur vegna EuroGym, fimleikahátíð sem ætluð er ungu fimleikfólki í Evrópu.

1. október fór fram kynningafundur vegna Golden Age, fimleikahátíðar sem evrópska fimleikasambandið heldur fyrir fimleikafólk 50 ára og eldri. Fjölmargir mættu á fundinn og stefnum við með stóran hóp á hátíðina 2016.

Heimsóknir í félög

Á árinu hófu stjórn og starfsfólk FSÍ að fara í heimsóknir til allra fimleikafélaga og deilda landinu. Þessar heimsóknir héldu svo áfram á árinu 2016. Hvatinn að þessum heimsóknum var að kynna hugmyndir um leyfiskerfi Fimleikasambandsins sem og að hitta forsvarsmenn í fimleikaheiminum á landinu til að efla samvinnu og upplýsingaflæði á milli þessara aðila. Stjórn mun hitta þau félög sem eftir standa á árinu 2016.

Ljóst er að gríðarlega glæsilegt starf er í gangi hjá félögunum og ótrúleg uppbygging átt sér stað á mörgum stöðum. Vonast FSÍ til þess að í kjölfar þessara heimsókna eflist tengslin við fimleikafélögin enn frekar og samstarf og samtal aukist. Hvarvetna var tekið vel í hugmyndir um leyfiskerfið sem kynnt var sem er hvatning fyrir FSÍ til að halda áfram með þá hugmyndafræði.

Uppskeruhátíð FSÍ

Uppskeruhátíð FSÍ var haldin í Hörpu í ársbyrjun 2016 í samstarfi við TM, samstarfsaðila sambandsins, stjórn þakkar TM höfðinglegar móttökur og fimleikafólki fyrir notalega samverustund.



Valdimar Örnólfsson

Heiðursfélagi FSÍ

Valdimar Örnólfsson var sæmdur heiðursmerki FSÍ fyrir sitt ævistarf í þágu íþróttanna, en hann var fyrsti formaður Fimleikasambandsins og fyrir það verðum við honum ævinlega þakklát.

Þeir sem mættu voru á einu máli um það að þetta væri glæsilegasta uppskeruhátíð FSÍ frá upphafi. Upplýsingar um viðurkenningar er að finna aftar í skýrslunni ásamt yfirliti yfir fimleikafólk ársins.

Erlent samstarf

Fulltrúar FSÍ hafa tekið þátt í margvíslegum alþjóðlegum verkefnum undanfarin ár. Öflugir sjálfboðaliðar í hreyfingunni hafa varðað sporin í þátttöku okkar á árum áður.

Hlíf Þorgeirsdóttir er varaformaður TC-GFA-UEG, á sínu öðru tímabili í þeirri nefnd sem vinnur með málefnið fimleikar fyrir alla. Hlíf hefur hlotið mikið lof fyrir sín störf og getur íslenska hreyfingin verið stolt af hennar störfum á alþjóðlegum vettvangi. Nánar má lesa um setu hennar í nefndinni aftar í skýrslunni.

Sólveig Jónsdóttir er í tækninefnd UEG í hóp fimleikum, nefndin skipuleggur nú Evrópumót sem haldið verið í Maribor, Sloveníu í október 2016.



FSÍ sóttist eftir UEG þingi 2017

Fyrri hluta ársins 2015 sendi Ísland inn umsókn til evrópska fimleikasambandsins (UEG) og sóttist eftir því að halda þing sambandsins árið 2017. Fjórar borgir voru svo valdar af UEG til þess að fara í næstu umferð, en þá hélt hver borg nánari kynningu og í kjölfarið var kosið um hver yrði fyrir valinu. Þessar fjórar borgir voru Baku (Azerbajjan), Lugano (Sviss), Reykjavík og Split (Króatía). Kynningarnar voru haldar í höfuðstöðvum alþjóðafimleikasambandsins í Lausanne í Sviss.

Formaður FSÍ, Arnar Ólafsson og framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir fluttu kynningu fyrir Íslands hönd sem þau unnu í samstarfi við Meet in Reykjavík, ráðstefnufyrirtæki á vegum Reykjavíkurborgar. Kynningin gekk mjög vel og vakti hún mikla athygli hjá forustu evrópsku fimleikahreyfingarinnar. Þarna gafst dýrmætt tækifæri fyrir Ísland til þess að gera grein fyrir því metnaðarfulla starfi sem unnið er í landinu, hver framtíðarsýn FSÍ er og hvernig stuðning við teljum nauðsynlegan fyrir þau lönd sem teljast til litlu landanna í evrópsku fimleikasamstarfi.

Niðurstaða kosningarinnar var sú að Ísland endaði í öðru sæti, þremur atkvæðum á eftir Split í Króatíu. En þrátt fyrir að ekki hafi tekist að fá þingið til Íslands þá er árangur vinnunar góður, ljóst var að mikill stuðningur var við Ísland, landkynningin góð og skilaboð litla fimleikasambandsins til efstu ráðamanna fimleika í Evrópu skýr og komust vel til skila.

Norska fimleikasambandið átti 125 ára afmæli á árinu, Norðmenn buðu af því tilefni til fimleikaveislu í leikhúsi í höfuðborginni þar sem farið var yfir sögu sambandsins á tungumáli fimleikanna. Sýningin var hin glæsilegasta og var forysta fimleikahreyfingarinnar mætt á sýninguna og lét vel af henni í samkomu að henni lokinni.

Afrekskonur fimleikanna

Sambandið hlaut styrk frá Afreksvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ í lok árs 2015.

Fimleikar eru sú íþrótt sem er mest stunduð af konum í landinu og þegar aldurshópurinn 18 ára og yngri er skoðaður sérstaklega kemur í ljós að 25% stúlkna, eða fjórða hver, æfir fimleika.

Það er einmitt vegna þessa sem Fimleikasamband Íslands gegnir stóru hlutverki þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð íþróttahreyfingarinnar. Samfélagið kallar á jafnrétti á öllum vígstöðum og þar eru íþróttirnar ekki

undanþegnar, þær eru ef eitthvað er, einn af mikilvægari þáttum uppvaxtaráranna sem styrkja sjálfsmynd ungra einstaklinga og leyfa þeim að finna að allir geta tekið þátt í sameiningu. Á þeim grundvelli skara einhverjir fram úr, en umfram allt þá á öllum að líða vel.

Við hvetjum æskuna til íþróttaiðkunar og kynnum hana fyrir fyrirmyndum sem skarað hafa fram úr á vettvangi íþróttanna. Sú staðreynd, að meira er bent á karlfyrirmyndir í íþróttasamfélaginu ætti ekki að vera neinum ókunn. Þarna er sérstaða Fimleikasambandsins skýr, þar eru það konurnar sem draga vagninn. Á sama tíma og við kynnum okkar fyrirmyndir fyrir æskunni, fyrirmyndir sem eru birtingarmyndir hreystis, heilbrigði og eljusemi, stefnum við um leið að því að kynna fyrir ungu kynslóðinni heilnæman lífsstíl, lífsstíl sem konur geta líka helgað sig og þegið laun fyrir.

Staðan í dag



Staðan á morgun



Í þessari auglýsingu má glögglega sjá hvernig sumir fjölmiðlar kynna fyrirmyndir íþróttanna, Fimleikasambandið stendur frammi fyrir því verðuga verkefni að láta hægri myndina verða að veruleika, ungum stúlkum til hvatningar í sinni íþróttaiðkun.

Saman getum við búið til samfélag þar sem jafnræði ríkir, líka í íþróttum. Stöndum saman og sýnum ungu kynslóðinni þær öflugu íþróttakonur sem hafa nú þegar dregið vagninn, sjálfum sér og öðrum í íþróttahreyfingunni til sóma. Þær eru fyrirmyndir sem við getum stolt flykkt okkur á bak við og stutt í vegferð sem á sér enga líka í íslensku fimleikasögu.



Samstarfsaðilar

Á árinu bættist enn við sterkan hóp samstarfsaðila sambandsins.

Fimleikar.is gerðu tímamótasamning til þriggja ára. Á tímabilinu munu Fimleikar.is útvega GK keppnisfatnað fyrir öll fimleikalandslið Íslands. Þessi samningur er einn sá stærsti sem FSÍ hefur gert. Um leið og við bjóðum Fimleika.is velkomin í hóp samstarfsaðila sambandsins, þá þökkum við Fimleikavörum kærlega fyrir árin 10 sem þær hafa stutt sambandið ríkuleg með aðkomu sinni að landsliðunum okkar í áhaldafimleikum.

Samningar náðust einnig við Vífilfell sem styrkir sambandið veglega á tímabilinu. Vífilfell mun í því samhengi notast við vörumerkið Toppur í okkar efni.

Samingarnir eru fimleikahreyfingunni mikið ánægjuefni og sýna bersýnilega að fimleikar eru greinin sem vex hvað mest í landinu.



Undirbúningur Fimleikasambands Íslands (FSÍ) fyrir Smáþjóðaleika hófst að hausti 2013. Hlín Bjarnadóttir var valin greinastjóri fimleika og Jón Þór Ólason kom að verkefninu sem umsjónamaður mannvirkisins Laugaból.

Endurbætur voru gerðar á fimleikasal Ármanns í Laugabóli og fjárfesti Reykjavíkurborg í nýjum áhöldum til æfinga og keppni sem var mikilvægt fyrir mótið þar sem farið var eftir stöðlum FIG fyrir alþjóðleg fimleikamót. Skipulagsnefnd fyrir mótið hóf störf haust 2014 og hana skipuðu Hlín Bjarnadóttir formaður og tæknistjóri, Jón Þór Ólason umsjónarmaður Laugabóls, Sólveig Jónsdóttir starfsmaður FSÍ, tengiliður við ÍSÍ og fjölmiðla, Sæunn Viggósdóttir mótsskjóti, Berglind Pétursdóttir og Björn Magnús Tómasson sem höfðu umsjón með dómaramálum, Axel Örn Bragason sem hafði umsjón með fimleikasalnum og áhöldum, Kristinn Arason umsjónamaður tæknimála og Kristján Erlendsson yfirlæknir sjúkravaktar fimleika. Eftirlitsdómarar alþjóðlega fimleikasambandsins FIG voru Donatella Sacchi og Holger Albrecht. 38 keppendur frá 6 þjóðum kepptu á mótinu sem er svipaður fjöldi og áður á leikunum og 34 dómarar dæmdu á mótinu var sem voru mjög ánægðir með alla umgjörð og aðstæður á mótssstað.

Mikið var lagt upp úr því að gera fimleikakeppni á Smáþjóðaleikum 2015 að spennandi og skemmtilegum viðburði þar sem að keppendur, áhorfendur og starfsfólk fengu þess notið að taka þátt í alþjóðlegu fimleikamóti. Skipulag mótsins tókst vel í alla staði og úr varð eitt glæsilegasta fimleikamót sem haldið hefur verið á Íslandi. Heimavöllurinn skilaði sínu og var upplifunin einstök fyrir okkar keppendur, þar sem að fullt var út úr dyrum og voru áhorfendur virkir þátttakendur og hvöttu okkar fólk dyggilega áfram. Konurnar sigruðu allar greinar mótsins, 6 að tölu og fengu þar að auki 3 silfur, eitt í fjölþraut og tvö í úrslitum á áhöldum. Karlaliðið vann svo 4 silfur og 1 brons í úrslitum á áhöldum, brons í fjölþraut og silfur í liðakeppninni. Í heildina gera það 6 gullverðlaun, 8 silfur- og 2 bronsverðlaun. Í raun hefðu fimleikarnir þurft mun stærra áhorfendastæði en raun bar vitni, þar sem færri komust að en vildu.

Það er staðreynd að viðburður eins og þessi verður ekki framkvæmdur án ötullar vinnu sjálfbóðaliða. Finna mátti fyrir sameiningarmætti fimleikahreyfingarinnar þar sem allir lögðust á eitt við framkvæmdina. Um 60 sjálfbóðaliðar komu að fimleikamótinu þar sem að fólk starfaði við mótshaldið við ýmis tæknimál, móttöku og upplýsingaborð, veitingar, almenna öryggisgæslu, sjúkravaktir og margt fleira sem þarf til að láta alþjóðlegt fimleikamót ganga upp. Formaður og ritari Evrópska fimleikasambandsins og eftirlitsdómarar FIG fylgdust með framkvæmdinni og lofuðu í hástert sem gefur sambandinu byr undir báða vængi þegar kemur að alþjóðlegu mótshaldi.


Lagt var upp með að fá alþjóðlegan stimpil FIG á mótið, en það felur í sér að farið er eftir reglum alþjóðasambandsins (FIG) en þær reglur sem taka yfir alla hluta mótsins. Því miður náðist það markmið ekki þar sem að sérstakar reglur gilda um ríkisdvalarstað í tæknireglum GSSE. Huga þarf að þessari reglugerð á komandi leikum og einnig er þarf að fjölga fimleikadómurum sem að þáttökupjóðir senda til leiks til þess að auðvelda framkvæmdina og minnka kostnað við mótshaldið.

Fimleikasambandið átti í góðu samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sem lögðu allt sitt af mörkum við að halda glæsilegan viðburð, kraftur íþróttahreyfingarinnar varð ljós og leikarnir glæsileg rós í hnappagat skipuleggjenda.

Fimleikasambandið þakkar Hlín Bjarnadóttir og Berglindi Pétursdóttur fyrir óeigingjarnt, framúrskarandi starf sem eftir var tekið. Jóni Þór Ólassyni, framkvæmdastjóra Glímufélagsins Ármanns og starfsfólki, ber að þakka fyrir leggja á sig ómælda vinnu við að gera húsakynni mótsins sem glæsilegust. Einnig þakkar sambandið ÍSÍ fyrir samstarfið og þá sérstaklega Óskari Erni Guðbrandssyni fyrir það viðhorf sem hann tileinkaði öllum þeim sem komu að þessum frábæru leikum og skapaði að miklu leyti andrúmsloftið sem ríkti í dalnum.

Hlín Bjarnadóttir	President and Technical director
Sólveig Jónsdóttir	FSÍ office, logistics and media
Jón Þór Ólason	Manager of Laugaból Sports Venue
Sæunn Viggósdóttir	Competition director
Berglind Pétursdóttir	Judges WAG
Björn Magnús Tómasson	Judges MAG
Axel Örn Bragason	Apparatus
Kristinn Arason	Technician, computers, videos, audio
Kristján Erlendsson	Medical Services

Norðurlandamótið í hóp fimleikum



Vodafonehöllin

Færð í fimleikabúning

Fimleikasambandið og Íþróttafélagið Gerpla leiddu saman hesta sína og stóðu saman að glæsilegu Norðurlandamóti í hóp fimleikum í nóvember. Í fyrsta skipti var haldið fimleikamót í Vodafonehöllinni og reyndist húsið mjög hentugt fyrir hóp fimleikamót. Sérstaklega þess felst í því að áhorfendur sitja allan hringinn en andrúmsloftið sem skapaðist við þessar aðstæður gæddi fimleikamótið miklu lífi. Um 2.000 manns mættu á mótið, mikil og góð stemning var í húsinu og kórónaði daginn að Ísland hélt titlinum innan landssteinanna, en þó í nýju sveitafélagi, þegar Stjörnustúlkur unnu kvennakeppnina og tóku við keflinu sem besta lið á Norðurlöndunum af kvennaliði Gerplu.

Það er ljóst að mót sem þetta, þar sem um 500 keppendur mæta til leiks, verður ekki haldið nema með samrýmdu átaki þeirra sem að mótinu koma. Íþróttafélagið Gerpla mætti með her sjálfboðaliða sem tók þátt í verkefninu sem lauk með lokahófi í Vodafonehöllinni að mótshlutunum loknum.

Fimleikasambandið færir Íþróttafélaginu Gerplu og öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu að mótinu bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Undirbúningsnefnd og starfsmenn

- Íris Svavarsdóttir
- Sólveig Jónsdóttir
- Sæunn Viggósdóttir
- Kristinn Arason
- Arnar Ólafsson
- Helga Svana Ólafsdóttir
- Hrund Þorgeirsdóttir
- Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir
- Ása Inga Þorsteinsdóttir
- Guðný Gísladóttir
- Inga Valdís Tómasdóttir
- Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir
- Kristján Erlendsson

Stjórn er þakklát fyrir ykkar óeigingjarna framlag.

Nefndir starfandi á árinu

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á árinu 2015 - 2016.

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

Formaður kosinn á þingi: Berglind Pétursdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári: Hlín Bjarnadóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyri Ragnarsdóttir og Sif Pálsdóttir.

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)

Formaður kosinn á þingi: Sigurður Hrafn Pétursson

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd karla á síðasta starfsári: Anton Þórólfsson, Axel Ólafur Þórhannesson, Björn Magnús Tómasson og Daði Snær Pálsson.

Tækninefnd í hóp fimleikum (THF)

Formaður kosinn á þingi: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd í hóp fimleikum á síðasta starfsári: Henrik Pilgaard, Kristinn Guðlaugsson, Lóa Guðrún Gísladóttir og Karen Jóhannsdóttir.

Fimleikar fyrir alla (FFA)

Formaður kosinn á þingi: Hlíf Þorgeirsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu nefnd um fimleika fyrir alla á síðasta starfsári: Guðrún Tryggvadóttir, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eypórsdóttir og Sæunn S. Viggósdóttir.

Fræðslunefnd

Formaður kosinn á þingi: Hlín Bjarnadóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu fræðslunefnd á síðasta starfsári: Andrea Dan Róbertsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Auður Ólafsdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson.

Laganefnd

Formaður kosinn á þingi: Þóra Margrét Hjaltested

Eftirtaldir aðilar skipuðu laganefnd á síðasta starfsári: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Hjalti Geir Erlendsson,

Fimleikahreyfingin blómstrar sem aldrei fyrr.

Þegar litið er yfir farinn veg, þá er margt að gerast í hreyfingunni okkar. Fimleikafjölskyldan heldur áfram að springa út og erum við nú þriðja stærsta íþróttagreinin í landinu. Fjölirnir vígði nýtt hús á árinu og nú heyrast fréttir af tveimur til þremur húsum á teikniborðunum til viðbótar. Við sjáum enn og aftur hversu megnug við erum og hversu mikil þekking býr í hreyfingunni. Þegar við sameinumst eru okkur allir vegir færir, þar liggur krafturinn, lærdómurinn og framtíðin.

Stjórn Fimleikasambandsins færir þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum sem lögðu hönd á plóg á síðasta ári, félögunum sem komu að móta og námskeiðahaldi, starfsfólki, og nefndarfólki sambandsins, þakkir fyrir þeirra störf á árinu og fjölskyldum þeirra umburðarlyndið.

Stjórn FSÍ 2015-2016

Fimleikafólk ársins 2015



Irina Sazonova

Fimleikakona ársins

Árangur Irinu á árinu 2015 var mjög góður og framúrskarandi í keppni í fjölþraut áhaldafimleika en hún náði hæst 53,850 stigum í fjölþraut á Íslandsmóti (keppti sem gestur). Á Norður Evrópumóti á Írlandi í haust varð hún í 4. sæti í fjölþraut með 50,95 stig. Í úrslitum náði hún svo þeim frábæra árangri að sigra á tvíslá og náði Norður Evrópumeistaratitli og varð í 3. sæti í gólfæfingum. Irina varð einnig bikarmeistari með liði Ármanns og var lykilmanneskja í liðinu. Á Meistaramóti FSÍ sigraði hún í æfingum á slá og gólfi.

Á heimsmeistaramóti sem haldið var í október í Glasgow hlaut Irina 50.398 stig í fjölþraut og náði þannig þeim einstaka árangri að tryggja Íslandi sæti í undankeppni Ólympíuleikanna. Þetta er sögulegur árangur og er hún fyrst íslenskra fimleikakvenna að ná þeim árangri.

Irina sýndi á árinu að hún er besta fimleikakona Íslands í fjölþraut og er íþróttakona á heimsmeilíklar. Með árangri sínum hefur hún komið íslenskum fimleikum á nýjan stað á alþjóðlegum vettvangi. Árangur hennar veitir einnig okkar fimleikafólki mikla hvatningu og er þeim og góð fyrirmynd.

Fimleikasamband Íslands væntir mikils af Irinu á árinu 2016 og verður spennandi að fylgjast með hvaða árangri þessi afrekskona fimleikanna nær á árinu, er þá sérstaklega litið til Ólympíuleikana í Ríó.



Valgarð Reinhardsson

Fimleikamaður ársins

Valgarð er Íslandsmeistari í fjölþraut 2015, ásamt því að vinna titilinn á gólfi og tvíslá líka. Hann hefur verið að taka miklum framförum undanfarið ár og náði þeim frábæra árangri að verða í 3. sæti á Elite Canada fyrr á árinu, en á það mót er einungis bestu fimleikamönnum Kanada boðin þátttaka. Á Smáþjóðaleikunum stóð hann sig best íslensku karlakeppendanna. Hann varð þriðji í fjölþraut og komst í úrslit á fimm áhöldum af sex þar sem hann vann til silfurverðlauna á gólfi, stökki og tvíslá. Valgarð keppti á Evrópuleikunum í Baku, þar stóð hann sig vel í fjölþrautarkeppninni en mótið var góður undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið í Glasgow sem fram fór í október. Því miður meiddist Valgarð í aðdraganda heimsmeistaramótsins og tók því ekki þátt á móti. Hann hefur með eljusemi og dugnaði unnið sig vel úr þeim áskorunum sem hann stóð frammi fyrir í lok árs og er farinn að æfa af fullum krafti á ný, hefur sett sér ný markmið og stefnir hátt á árinu 2016.



Norma Dögg Róbertsdóttir

2. sæti

Norma Dögg átti stórkostlegt ár, þar sem hún náldi í hvern titilinn á fætur öðrum ásamt því að verða sjöunda á stökki á Evrópuleikunum í Baku og níunda á stökki á Evrópumótinu í Frakklandi. Í bæði skiptin er hún fyrsti varamaðurinn í úrslitin, alveg við þröskuldinn að komast í úrslitin og verða þar með fyrsta íslenska fimleikakonan sem nær þeim árangri á stórmóti. Á heimsmeistaramótinu í Glasgow í haust varð hún svo í 21. sæti á stökki, með þeim árangri sannaði hún hversu megnugur stökkvari hún er, þar sem hún varð áttunda af þeim Evrópubúunum sem kepptu.

Helstu titlar Normu Daggar á árinu:

Íslandsmeistari á stökki og slá og varð þriðja í fjölprautarkeppni.

Smáþjóðaleikameistari á stökki og slá, ásamt því að vera í sigurliði leikanna.

Norður-Evrópumeistari á stökki, ásamt því að vera í bronsliði mótsins.

Eins og sést á þessum árangri þá er Norma Dögg fimleikakona á heimsmeistarakvörðum, hún bætir árangur sinn á alþjóðlegum mótum og í keppni á stökki gerir hún æfingar af háum erfiðleika sem hefur vakið athygli víðs vegar um heiminn. Norma Dögg er til fyrirmyndar innan sem utan keppnisvallar, er mikil fyrirmynd annarra iðkenda héraðs og góður liðsfélagi. Hún er metnaðarfullur einstaklingur sem stefnir enn hærra á árinu 2016.



Jón Sigurður Gunnarsson

2. sæti

Jón Sigurður hefur verið einn af okkar fremstu fimleikakörnum undanfarin ár. Hann varð annar á Íslandsmótinu í ár og vann titilinn á tvíslá og svifrú. Jón hefur um árabil verið fastamaður í landsliði Íslands, hann er þekktur fyrir ótrúlegan styrk, þá sérstaklega í efri hluta líkamans sem gerir honum kleift að framkvæma ótrúlegustu hluti í hringjum sem eru hans sérgrein. Hann fór með landsliðinu á Heimsmeistaramótið í Glasgow í haust og stóð sig með þrýði þar. Hann hefur mikinn metnað fyrir því sem hann tekur sér fyrir hendur og tekst á einhvern hátt alltaf að skara fram úr, hvort sem það er í námi, leik, tónlist eða fimleikunum. Jón Sigurður er fyrirmynd eins og þær gerast bestar, okkur öllum, og honum sjálfum til sóma hvar sem hann kemur fram.



Andrea Sif Pétursdóttir

3. sæti

Andrea er fyrirliði kvennaliðs Stjörnunar og er lykkona í sínu liði. Hún setur æfingar og liðið frammar öllu öðru og heldur vel utan um liðið sitt. Hún stekkur allar umferðir, með erfiðustu stökkin á landinu og er öflugur dansari sem gerir hana að einni fremstu hópímleikakonu landsins. Hún hefur, ásamt liði sínu, unnið stóra titla á árinu, þá stærstu sem eru í boði fyrir hópímleika á Íslandi ásamt því að verða Norðurlandameistarar 2015. Einnig er hún flott landsliðskona og mun að öllum líkindum gegna lykilhlutverki í kvennalandslíðinu á Evrópumótinu á næsta ári. Andrea hefur alla þá kosti sem leitað er eftir í fari afreksíþróttamanns, hún er til fyrirmyndar hvar sem hún kemur, er ósérhlífinn iðkandi með framúrskarandi mætingu og sýnir ávallt dugnað á hverri æfingu. Hún kann að setja sér raunhæf en jafnframt krefjandi markmið, skilur mikilvægi góðs liðsanda, hefur leiðtogahæfni og sjálfsaga.

Hún er félagi sínu, Fimleikasambandinu og íþróttahreyfingunni á Íslandi til sóma. Metnaðurinn er svo sannarlega til staðar og er hún sterk fyrirmynd.



Eyþór Örn Baldursson

3. sæti

Eyþór hefur verið að stimpla sig rækilega inn í keppni í fullorðinsflokki. Hann keppti með landsliðinu á Smáþjóðaleikum, Norður-Evrópumóti og svo keppti hann á sínu fyrsta Heimsmeistaramóti núna í haust og stóð sig vel þar. Á þessu ári hefur hann unnið til tveggja verðlauna á alþjóðlegu móti, brons á stökki bæði á Smáþjóðaleikum og á Norður Evrópumóti á Írlandi.

Hann hefur verið að bæta miklum erfiðleikum við sínar æfingar og hefur sýnt að hann býr yfir miklum sprengikrafti sem kemur sér vel í keppni á stökki, þar sem hann er í nokkrum sérflokkum og á gólfi. Framtíðin er björt hjá þessum mikla keppnismanni sem hefur sýnt það í gegnum sinn feril að hann getur tekist á við áskoranir, þó að ungur sé, hann er vinnusamur og nálgast sín verkefni af miklum metnaði.



Thelma Rut Hermannsdóttir

Afreksbikar FSÍ

Thelma Rut Hermannsdóttir skrifaði nafn sitt í sögubækur Fimleikasambandsins á árinu, þegar hún náði þeim sögulega áfanga í mars að verða Íslandsmeistari í fjölþraut kvenna í áhaldafimleikum í sjötta sinn og fór þar með fram úr Sif Pálsdóttur og Berglinni Pétursdóttur sem báðar höfðu orðið Íslandsmeistarar fimm sinnum. Berglind sigraði í 5. skipti árið 1980 og Sif árið 2006.

Thelma Rut varð fyrst Íslandsmeistari í fjölþraut árið 2008 og hefur unnið hann síðan að undanskildum árunum 2009 og 2013, þegar að Fríða Rún Einarsdóttir og Norma Dögg Róbertsdóttir stóðu uppi sem sigurvegarar.

Árið 1996 byrjaði Thelma Rut að æfa fimleika hjá Íþróttafélaginu Gerplu, þá þriggja ára gömul. Á þessum 19 ára ferli hefur hún skilað hverju afrekinu á fætur öðru. Hún er sú fimleikakona sem hefur tekið þátt í flestum erlendum verkefnum fyrir Íslands hönd frá upphafi. Hún er ótrúleg keppnismanneskja sem sýnir sig einna best í þeim titlum sem hún hefur unnið á ferlinum. Fimleikasamband Íslands er stolt af þessari miklu afrekskonu fimleikanna og hlakkar til að fylgjast með henni taka sér ný viðfangsefni innan greinarinnar fyrir hendur.



Kvinnalið Stjörnnunar

Lið ársins

Kvinnalið Stjörnnunar í hóp fimleikum kom með krafti inn í árið 2015. Þær sigruðu Íslandsmótið í hóp fimleikum og stöðvuðu þar með 10 ára sigurgöngu Gerplu. Liðið varð svo Norðurlandameistari í hóp fimleikum hér á heimavelli í nóvember. Norðurlandamótið í hóp fimleikum er mjög sterkt mót þar sem að öll bestu félagslið Norðurlandanna mæta til leiks, en Norðurlöndin eru í fararbroddi í hóp fimleikum í heiminum í dag. Liðið endaði árið svo á uppskeruhátið bestu íþróttamanna landsins, þar sem íþróttamaður ársins var kjörinn, en þær voru eitt af þremur liðum sem tilnefndar voru sem lið ársins.



Smáþjóðaleikar

Íslenska kvennalandsliðið vann öll þau gullverðlaun sem í boði voru á Smáþjóðaleikunum, auk þriggja silfurverðlauna. Dominiqua Belányi vann fjölþraut og tvíslá, Norma Dögg vann stökk og slá og Thelma Rut vann gólf og silfurverðlaun í fjölþraut. Sigríður Hrönn vann silfur á stökki og gólfi.

Saman vann liðið til gullverðlauna í liðakeppninni.

Gulliðið skipuðu þær – Dominiqua Belányi, Norma Dögg Róbertsdóttir, Sigríður Hrönn Bergórsdóttir, Thelma Rut Hermannsdóttir, Tinna Óðinsdóttir, Andrea Ingibjörg Orradóttir og Guðrún Georgsdóttir. Þjálfarar: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir.

Í karlakeppninni vann liðið okkar til silfurverðlauna, Valgarð Reinhardsson varð í þriðja sæti í fjölþraut og vann til silfurverðlauna á gólfi, stökki og tvíslá. Ólafur Garðar Gunnarsson vann silfurverðlaun á svifrú og Eypór Örn Baldursson vann til brons verðlauna á stökki.

Silfurliðið skipuðu þeir – Bjarki Ásgeirsson, Eypór Örn Baldursson, Hrannar Jónsson, Jón Sigurður Gunnarsson, Ólafur Garðar Gunnarsson, Valgarð Reinhardsson og Hróbjartur Pálmar Hilmarsson. Þjálfari: Róbert Kristmannsson.



Norður Evrópumót

Irina Sazonova vann til gullverðlauna á tvíslá, varð þriðja sæti á gólfi og í fjórða sæti í fjölþraut. Norma Dögg Róbertsdóttir vann til gullverðlauna á stökki og Sigríður Hrönn Bergórsdóttir varð í öðru sæti á stökki. Saman náði kvennalandsliðið þeim frábæra árangri að verða í 3. sæti í liðakeppninni sem er einn besti árangur sem við höfum náð í liðkeppni á því móti. Bronsliðið skipuðu: Dominiqua Belányi, Irina Sazonova, Norma Dögg Róbertsdóttir, Sigríður Hrönn Bergórsdóttir og Guðrún Georgsdóttir.

Eypór Örn Baldursson vann til bronsverðlauna á stökki.



Norðurlandamót unglinga

Nanna Guðmundsdóttir vann brons á stökki og gólfi á Norðurlandamóti unglinga í Finnlandi, en hún var einnig efst inn í úrslit á slá.

Martin Bjarni Guðmundsson, vann silfurverðlaun í stökki og bronsverðlaun á svifrá á NM drengja undir 14 ára. Á sama móti vann Jónas Ingi Þórisson til silfurverðlauna á stökki.



Norma Dögg Róbertsdóttir

Á barmi úrslita

Norma Dögg Róbertsdóttir, var fysti varamaður í úrslitum á stökki á Evrópumóti í áhaldafimleikum, þegar hún lenti í 9.sæti á stökki. Þetta er í þriðja sinn sem íslensk fimleikakona er varamaður fyrir úrslit á einstöku áhaldi á Evrópumóti, en Norma Dögg náði þeim árangri fyrst íslenskra fimleikakvenna 2013, endurtók svo leikinn 2014. Stökkvarinn okkar hélt svo uppteknum hætti á Evrópuleikunum í Baku, þegar hún varð sjöunda á stökki og fyrsti varamaður með glæsileg stökk sem sannarlega hefðu sómað sér vel í úrslitum.



Irina Sazonova

Tryggir sig á seinni umferð úrtökumótsins

Irina Sazonova keppti á sínu fyrsta Heimsmeistaramóti í október. Ísland náði þar inn í undankeppni tvö fyrir Ólympíuleikana í RÍÓ í einstaklingakeppni kvenna. Sætinu er náð vegna árangurs Irinu Sazonovu í undankeppni heimsmeistaramótsins í Glasgow en Irina varð í 98. sæti af 191 keppenda í fjölþraut með 50.398 stig. Þetta er glæsilegur árangur og mikil sigur fyrir íslenska fimleika, en Ísland hefur ekki áður náð inn í seinni undankeppni fyrir Ólympíuleika.



Special Ól

Í LA sumar 2015

Special Olympics leikarnir fóru fram í Los Angeles síðasta sumar. Ísland sendi 41 keppenda til leiks í 9 greinum. Markmið leikanna er að skapa einstaklingum með þroskahömlun tækifæri til þátttöku í íþróttastarfi þar sem að virðing og jafnræði ríkir og allir eru sigurvegarar. Ísland sendi 4 þátttakendur til keppni í fimleikum, þau Birki Eiðsson, Erlu B. Haraldsdóttur, Eydísí Ásgeirsdóttur og Jóhann Fannar Kristjánsson en saman unnu þau 4 gull, 3 silfur og 6 brons.

Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum

- Valgarð Reinhardsson – Gerpla
- Thelma Rut Hermannsdóttir – Gerpla

Íslandsmeistarar í hópfimleikum

- Stjarnan – kvennaflokkur
- Selfoss – blandaður flokkur
- Gerpla – karlaflokkur

Bikarmeistarar í áhaldafimleikum

- Lið Ármanns – kvk
- Lið Gerplu – kk

Bikarmeistarar í hópfimleikum

- Gerpla – kvennaflokkur
- Selfoss – blandaður flokkur
- Gerpla – karlaflokkur

Innlend mót

Á árinu höfum við haldið áfram vinnu við skiptingu móta í A, B og C og mun sú vinna halda áfram. Þannig vonumst við til þess að geta skapa umgjörð í kringum mótahaldið sem hentar mótinu sjálfu, mótshaldara og áhorfendum.

A- mót : Mót með fáum keppendum og strangar kröfur til húsnæðis.

B- mót: Meðal fjöldi keppenda en svipaðar kröfur til húsnæðis.

C- mót: Mót með mörgum keppendum, minni kröfur til húsnæðis.

Reykjavík International

24. – 25. jan í Laugabóli, Ármann.

Fjöldi keppenda: 36

Þrepamót í 4. og 5. þrepi (Tvískipt)

29. jan – 1. feb kk hlutinn í Fimleikahúsi Bjarkanna, Hafnarfirði, og kvk hlutinn í Íþróttamiðstöðinni Seltjarnarnesi, Gróttu.

Fjöldi keppenda: 295

Þrepamót í 1. – 3. þrepi

6. – 8. feb í Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK

Fjöldi keppenda: 121

Íslandsmót unglinga í hópfimleikum

13. – 15. feb, Versölum, Gerplu.

Fjöldi keppenda: 779

WOW mótið í hópfimleikum

22. feb í Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK

Fjöldi keppenda: 173

Bikarmót í 4. – 5. þrepi

27. feb – 1. mars, kvk hlutinn haldinn í Ásgarði af fimleikadeild Stjórnunnar og kk hlutinn haldinn í Laugabóli af fimleikadeild Ármanns.

Fjöldi keppenda: 322

Bikarmót í 3. – 1. þrepi og frjálsum æfingum

7. – 8. mars, Versölum, Gerplu.

Fjöldi keppenda: 148

Bikarmót í hópfimleikum

15. mars, Íþróttahúsinu lðu, Selfossi

Fjöldi keppenda: 178

Íslandsmót í áhaldafimleikum

20. – 22. mars, Laugabóli, Ármanni.

Fjöldi keppenda: 47

Íslandsmót í þrepum

27. - 29. mars Laugabóli, Ármanni

Fjöldi keppenda: 253

Bikarmót í stökkfimi

11. – 12. apríl, Íþróttamiðstöðinni Seltjarnarnesi, Gróttu.

Fjöldi keppenda: 388

Fimleikalíf

23. apríl, Fjölnir.

Fellt niður vegna lítillar skráningar

Íslandsmót í hópfimleikum

26. – 27. apríl, Ásgarði, Stjörnunni.

Fjöldi keppenda: 134

Mílanó meistaramót

27. apríl, Versölum, Gerplu.

Fjöldi keppenda: 114

Vormót í hópfimleikum

15. – 17. maí, Höttur, Egilsstöðum.

Fjöldi keppenda: 591

TM mótið í áhaldafimleikum

4. okt, í Laugabóli, Ármanni.

Fjöldi keppenda: 95

Haustmót í 4. – 5. þrepi

17. - 18. okt, Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK

Fjöldi keppenda: 270

Haustmót í 3. – 1. þrepi og frjálsum æfingum

6. – 8. nóv, Versölum, Gerplu.

Fjöldi keppenda: 145

Íslandsmótið í stökkfimi

30. okt - 1. nóv, Íþróttamiðstöðinni Giljaskóla, FIMAK

Fjöldi keppenda: 203

Haustmót í hópfimleikum

20. – 22. nóv, Íþróttahúsinu Vesturötu, Akranesi. ÍA.

Fjöldi keppenda: 791

Erlend mót

Norðurlandamót unglinga í áhaldafimleikum



21.-24. maí í Helsinki, Finnlandi

5 keppendur kk

5 keppendur kk – U14

6 keppendur kvk

Evrópumót í áhaldafimleikum karla og kvenna




12. – 20. apríl í Montpellier, Frakklandi

4 keppendur kk

4 keppendur kvk

Smáþjóðaleikar



1. – 6. júní í Reykjavík, Íslandi

5 keppendur kk

5 keppendur kvk

Evrópuleikar



10. – 24. júní í Baku, Azebaijan

3 keppendur kvk

1 keppandi kk

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – EYOF



25. júlí – 1. ágúst í Tbilisi, Georgíu

3 keppendur kvk unglingar

Norður – Evrópumót



18. – 20. september í Limerick, Norður Írlandi

5 keppendur kvk

5 keppendur kk skráðir – 3 fóru í ferðina

Heimsmeistaramót



23. október – 1. nóvember Glasgow, Skotlandi

3 keppendur kvk

3 keppendur kk – 2 kepptu

Norðurlandamót í hópfimleikum

14. nóvember í Reykjavík

2 kvennalið

2 blönduð lið

1 karlalið

Agnes Suto vann þessar glæsilegu myndir af landsliðsfólkinu okkar og færum við henni okkar bestu þakkir fyrir.


Skýrsla fræðslunefndar FSÍ 2015-2016

Hlín Bjarnadóttir formaður, Andrea Dan Árnadóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Auður Ólafsdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson.

Fræðslunefnd vinnur nú að frekari þróun og uppbyggingu á þjálfaramenntunarkerfi FSÍ sem er keyrt samhliða þjálfaramenntunarkerfi ÍSÍ og á að mynda ákveðna heild í diplomanámi íþróttþjálfara. Það er stefna fræðslunefndar ÍSÍ að sársamböndin hafi umsjón með sérgreinahluta á stigi 1, 2 og 3 en ÍSÍ sjái um almennan hluta á stigi 1, 2 og 3 sem og menntun á stigi 4 og 5 sem í framtíðinni yrði metið sem diplomanám í íþróttþjálfun.

Fræðslunefnd FSÍ hefur mikið verkefni fyrir höndum að stækka okkar kerfi og þróa námskeið á stigi 2 og 3, endurmeta og bæta námsefni á stigi 1. Hugmyndin er áfram að á stigi 1 taki þjálfarar námsefni sem tengist mest almennum fimleikum, sérhæfing byrjar í verklegum tímum í sérgreinahluta 1C og eykst þegar lengra er komið í kerfinu. Hugmyndin er að hægja á verklegri kennslu, meiri tíma sé veitt í kennslu sérhæfðra fimleikaæfinga sem og undirbúnings- og æfingar til að fyrirbyggja meiðsli. Einnig er vilji fyrir því að tengja getustig æfinga í verklegum tímum við keppnisflokka og –þrep í almennum, áhalda- og hóp fimleikum sem einnig væri hægt að tengja við þjálfaraskirteini FSÍ í framtíðinni. Það skýrir hvaða réttindi þjálfarar hafa, bæði hvaða getustig þeir mega vinna með í þjálfun og hvaða getustigi þeir megi fylgja á mót FSÍ. Þessi vinna er nú vel á veg komin í samvinnu við stjórn og einnig hefur verið leitað til tækninefnda hverrar greinar.

Hér að neðan má sjá hvernig nefndarfolk sér fyrir sér uppbyggingu þjálfarakerfis FSÍ á stigi 1, 2 og 3.



Námskeiðahald var hefðbundið og námskeið haldin á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Tafla yfir fræðsludagskrá og þátttöku 2015 – 2016

Mánuður	Námskeið	Tímafjöldi	Staður	Fjöldi þátttakenda
September	Þjálfaranámskeið sérgreinahluti 1A	20	Reykjavík Seltjarnarnes	33
September	Þjálfaranámskeið sérgreinahluti 1C	20	Reykjavík Mosfellsbær	31
Október	Þjálfaranámskeið sérgreinahluti 1A	20	Egilsstaðir	10
Október	Móttökunámskeið 1 hóp fimleikar	8	Mosfellsbær	24
Október	Móttökunámskeið 2 hóp fimleikar	8	Garðabær	7
Nóvember	Mikilvægi hreyfingar eldra fólks	4	Reykjavík	ónæg þátttaka
Janúar	Þjálfaranámskeið sérgreinahluti 1B	20	Reykjavík Seltjarnarnes	17
Janúar	Þjálfaranámskeið sérgreinahluti 2A	20	Reykjavík	ónæg þátttaka
Febrúar	Fræðslukvöld fimleikar fyrir alla og sýningar	2	Reykjavík	8
Febrúar	Próf móttökunámskeið 1 hóp fimleikar		Garðabær	21

Febrúar	Próf móttökunámskeið 2 hóp fimleikar		Garðabær	7
Mars	Þjálfaranámskeið sérgreinahluti 1A	20	Akureyri	18
Apríl	Móttökunámskeið 1 hóp fimleikar	8	Egilsstaðir	10
Apríl	Móttökunámskeið 2 hóp fimleikar	8	Egilsstaðir	6

Þau kenndu á námskeiðum vetrarins og fá miklar þakkir fyrir sín störf: Andrea Dan Árnadóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Erla Ormarsdóttir, Guðmundur Þór Brynjólfsson, Henrik Pilgaard, Hlín Bjarnadóttir, Íris Svavarsdóttir, Karen Sif Viktorsdóttir, Kenneth H. Christiansen, Kristinn Guðlaugsson, Niclaes Jerkeholt og Sesselja Jarvela.

Námskeið á tímabilinu voru færri en síðastliðin ár þar sem framboð hefur verið mjög mikið. Einnig hefur verið erfitt að koma viðburðum fyrir á dagskrá FSÍ þar sem mótahald hérlendis hefur verið yfirgripsmikið á sl. tveimur árum bæði vegna alþjóðlegra verkefna og móta innanlands þar sem verkefni hvíla mikið á sömu einstaklingum í hreyfingunni.

Fjöldi námskeiða og þátttaka á þjálfaranámskeiðum í sérgreinahluta FSÍ frá 1999 út janúar 2015

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Sérgreinahluti 1A	36	1090
Sérgreinahluti 1B	15	481
Sérgreinahluti 1C	15	432
Sérgreinahluti 2A	6	144
Sérgreinahluti 2B	1	29
Sérgreinahluti 2C	2	38

Móttökunámskeið í hóp fimleikum frá 2010 til maí 2015

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Trampólín móttaka stig 1	4	68
Trampólín móttaka stig 2	1	14
Móttaka stig 1	5	115
Móttaka stig 2	3	57

Umfram námskeið í þjálfarakerfi FSÍ hafa verið haldin ýmis sérnámskeið bæði styttri valnámskeið um afmarkað efni t.d. kóreógrafía sem og lengri námskeið s.s. toppþjálfaranámskeið í áhald- og hóp fimleikum. Fræðslunefnd reynir hverju sinni að fá erlenda kennara eins og kostur er bæði á vegum FSÍ og ef félögin eru að fá til sín góða gesti. Stefnt er á fleiri slíka viðburði í framtíðinni í samvinnu við félögin. Einnig stefnt á gerð fleiri styttri valnámskeiða samhliða þjálfarakerfinu og þá með frekari útbreiðslu fimleika í huga sem og að sinna öllum hópum hérlendis s.s. fimleikum 3-5 ára, fimleikum fatlaðra, eldra fólk í fimleikum 30-90 ára. Hér þarf aukna samvinnu við nefnd FSÍ fimleikar fyrir alla sem gæti ásamt fræðslunefnd komið að aukinni útbreiðslu fimleika í landinu. Fimleikahreyfingin ætti að hafa það að markmiði að vera leiðandi varðandi forvarnir og heilbrigði hvað varðar holla lífshætti tengda hreyfingu og íþróttaiðkun og taka þannig þátt í því að bæta lýðheilsu landsmanna andlega, félagslega og líkamlega. Fimleikar fyrir alla, alla ævi.

Nefndin telur mjög mikilvægt að skráningar þátttakenda á viðburði samandsins fari í rafrænan gagnabanka FSÍ þannig að starfsmenn sambandsins, félögin og þátttakendur t.d. dómara og þjálfara hafi yfirsýn yfir menntun innan fimleikanna hérlendis. Því samhliða þarf að taka upp þjálfaraskirteini og mikilvægt að afhent séu diploma eftir öll námskeið, til að staðfesta lok námskeiða.

Það væri mikil hagur fyrir útbreiðslu fimleika hérlendis og þjálfaramenntunarkerfið að koma á auknu samstarfi við háskóla og framhaldskóla hvað varðar kennslu fimleika í skólunum sem og hvað varðar kennslu og gerð námsefnis á sérgreinahlutum FSÍ á stig 2 og 3, slíkt samstarf myndi styrkja stoðir fimleika á öllum stigum hérlendis. Aðilar fræðslunefndar hafa þegar hafið viðræður vegan þessa og fengið jákvæð viðbrögð. Einnig mætti ýta undir þá þróun að nemar á háskólastigi geri lokaverkefni tengd fimleikum í meira mæli.

Nefndarfolk vill ítreka mikilvægi þess að sambandið verji auknu fjármagni í fræðslumál og útbreiðslu í framtíðinni til að halda áfram að þróa greinina og byggja upp á jákvæðan hátt enda fimleikar þriðja fjölmennasta íþróttagrein landsins sem og að þátttaka kvenna er mest af öllum greinum hérlendis. Leita þarf leiða til að auka fjármagn til að gera nýtt námsefni, bæta það eldra og koma því á kennsluhæft form.

Á tímabilinu tóku fimleikaþjálfarar þátt á þjálfaranámskeiðum alþjóða sambandanna FIG og UEG. Berglind Pétursdóttir, Nicoletta Branzai og Alexandra Branzai fóru á kóreógrafiunámskeið UEG í áhaldafimleikum haldið í Madrid. Aníta

Þorgerður Tryggvadóttir, Ragna Þyrí Ragnarsdóttir og Sandra Sigurðardóttir fóru á kóreógrafiunámskeið UEG Fimleikar fyrir alla í Maribor í Slóveníu. Axel Ólafur Þórhannesson og Harpa Óskarsdóttir tóku þátt á tveimur námskeiðum í FIG Academy Program í áhaldafimleikum, á level 2 sem haldið í Osló og á level 3 haldið í Frankfurt. Brynjar Sigurðsson, Gerður Ósk Guðmundsdóttir, Henrik Pilgaard, Karen Jóhannsdóttir, Kristinn Guðlaugsson, Mads Pind, Olga Bjarnadóttir, Rakei Ósk Guðmundsdóttir, Tanja Birgisdóttir og Tanja Kristín Leifsdóttir tóku þátt á þjálfaranámskeiði UEG í hópfimleikum, level 2 og 3, haldið í Malmö. Þjálfarar í hópfimleikum kenndu á námskeiðum UEG þær Sólveig Jónsdóttir og Hrafnhildur Gunnarsdóttir kenndu á level 2 og 3 haldið í Malmö og þau Ása Inga Þorsteinsdóttir og Henrik Pilgaard kenndu á level 1 í Cesenatico á Ítalíu. Sambandið og félögin eiga að vera hvetjandi og styðjandi hvað varðar þátttöku í erlendum verkefnum sem bæði eykur þekkingu innan greinarinnar sem og hróður íslenskra fimleika í alþjóðlega vísu.

Fræðslunefnd þakkar öllum þeim sem komu að námskeiðahaldi, fyrirlesurum, kennurum og sýnendum á námskeiðum og þeim félögum sem útveguðu húsnæði til kennslu. Við þökkum þeim fjölmörgu áhugasömu þátttakendum sem sóttu námskeiðin fyrir sitt framlag og að lokum viljum við þakka starfsmönnum á skrifstofu FSÍ gott samstarf. Megi fræðslumálin vera í forgangi og blómstra hjá FSÍ í framtíðinni.

Fyrir hönd fræðslunefndar FSÍ 2015-2016,

Hlín Bjarnadóttir.

Skýrsla nefndar um Fimleika fyrir Alla FFA

Á ársþingi Fimleikasambands Íslands 2015 voru eftirtaldir skipaðir/kosnir í nefnd FFA:

Hlíf Þorgeirsdóttir – formaður
Sæunn Viggósdóttir – varaformaður
Guðrún Tryggvadóttir – ritari
Stefanía Eypórsdóttir
Óli Geir Jóhannesson

Nefndin hefur fundað reglulega og aðallega unnið að skipulagningu og undirbúningi fyrir EUROGYM og Golden Age, auðvitað hefur margt annað verið rætt á fundum eins og fræðslumál, Fimleikalíf, Gymnaestrada og fl.

Nefndinn átti fulltrúa á upplýsingarfundum fyrir Golden Age í Slóvaníu og EUROGYM í Tékklandi. Haldnir voru kynningarfundir fyrir félögin hér heima og svo voru fræðslukvöld um sýningarfimleika í febrúar.

European Choreo- Camp (ECC).

Í september 2015 fóru 3 íslenskir þátttakendur á European Choreo- Camp (ECC) sem haldið er á vegum UEG TC-GFA annað hvert ár, Sandra Sigurðardóttir frá Hveragerði, Aníta Þorgerður Tryggvadóttir frá Hvolsvelli og Ragna Þyrí Ragnarsdóttir úr Ármanni. Þjálfararnir lærðu heilmikið um skapandi vinnu inni í fimleikasal sem og hvernig eigi að semja og útfæra fimleikaatriði (prógram) fyrir sýningar eða keppni. Þetta námskeið nýtist þjálfurunum og félögum þeirra vel og viljum við benda á að öll félög geta sótt um að senda þjálfara á næsta námskeið sem haldið verður 2017.

EUROGYM (EG)

Nú í sumar fer 130 manna hópur frá 5 aðildarfélögum á EUROGYM í Cheske Budějovice í Tékklandi .

Tékkar hafa verið sveittir við að skipuleggja EUROGYM fimleikahátíðina, undirbúningur hefur gengið misvel en virðist nú vera að smella saman. Þetta er í 10. skiptið sem EUROGYM er haldið og vonumst við til að hóparnir frá Aftureldingu, Ármanni, Fjölni, Fylki, og Selfossi skemmti sér vel og verði eins og áður Íslandi og FSÍ til sóma.

FFA hefur valið hóp frá Fjölni og Selfoss til að verða okkar fulltrúar á UEG Gala sýningu á EUROGYM.

Sýning með EUROGYM-förum verður haldin í lok júní eða byrjun júlí og hvetjum við alla til að koma og horfa á.

Golden Age (GA)

Fjölmennur kynningarfundur var haldinn haustið 2015 um Golden Age (fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri) sem haldin verður í Portoroz í Slóvaníu nú í haust. Um 110 íslenskir iðkendur eru á förum þangað en hóparnir koma frá Glóð í Kópavogi, Faban frá Akranesi, Leikfimiðhóp Sóleyjar Jóhannesdóttur og Blik úr Reykjavík. FFA hefur valið hóp frá Glóð til að sýna á Gala sýningu GA.

Gymnaestrada

Gymnaestrada var haldin sumarið 2015 í Helsinki í Finnlandi. Engir hópar fóru frá FSÍ en 4 íslendingar tóku samt þátt, einn með sænsku liði, ein með norsku liði og svo 2 fulltrúar FSÍ sem tóku þátt með nýjum alþjóðlegum hóp er nefnist Bling Bling Girls. Hátíðin tókst svakalega vel og geta Finnar verið stoltir af framkvæmdinni.

Gymnaestrada verður næst haldin sumarið 2019 í Dornbirn í Austurríki.

FIMLEIKALÍF

Nefnd FFA hefur undanfarin ár reynt að koma á fót nýrri sýningarkeppni FIMLEIKALÍF það hefur gengið hálf brösulega en 2013 var Fimleikalíf haldið fyrir fullu húsi áhorfenda með 100 iðkendum. Það voru einungis 3 hópar sem skráðu sig

Í ár eins og í fyrra og því miður er það ekki nægjanleg þátttaka til að halda slíka sýningarkeppni. Nefnd FFA ætlar að leggjast undir feld og reyna að finna aðrar leiðir/lausnir til að virkja þá iðkendur sem sjaldan eða aldrei taka þátt í viðburðum á vegum FSÍ.

Nú síðustu ár hefur orðið mikil vitundarvakning á meðal stjórnar FSÍ gagnvart Fimleikum fyrir alla og ber því að þakka. Stuðningur hefur aldrei verið meiri við FFA en núna og því vona ég að félögin fari að frumkvæði stjórnar og efli starf sitt fyrir þá iðkendur sem vilja stunda þessa grein fimleika.

Við í FFA erum tilbúin að hjálpa félögum af stað til að efla starf sitt á sviði FFA, með t.d. fræðslukvöldi fyrir þjálfara og stjórnarfólk.

Mig langar að þakka nefndarfólkinu mínu Sæunni, Guðrúnu, Stefaníu og Óla Geir fyrir þeirra frábæru vinnu sem og stjórn FSÍ og skrifstofu.

Munið að Fimleikar fyrir alla eru fyrir ALLA

Með fimleika kveðju

Hlíf Þorgeirsdóttir

[Skýrsla vegna setu Hlíf Þorgeirsdóttur í TC-GFA-UEG](#)

Nú er langt liðið á þriðja árið af öðru tímabili mínu í TC- GFA-UEG. Nefndin sér um 5 viðburði á tveggja ára tímabili þar sem hátt í 10.000 þátttakendur taka þátt í auk þess eru fundir, unnið að skýrslugerð, reglum, handbókum og fleiru.

Nöfn nefndarmanna Hlutverk/Umsjón

Alberto Claudino (POR) Formaður

Hlíf Þorgeirsdóttir (ÍSL) Varaform. Golden Age, Gym For Life Challenge, ECC

Maria Stahl (SWE) Education, Gym for Life Challenge

Heidi Marie (NOR) EUROGYM, Education

Regina Beeler (SVI) Golden Age, new projects

Ilse Arys (BEL) EUROGYM, new projects

Kamil Skwarczyński (POL) Communication

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa yfirumsjón og skipuleggja EUROGYM, GoldenAge, European Gym for Youth Challenge, halda Chore-camp, Seminar og að breiða út almenna fimleika.

Mikil vinna og fundir fara í það að undirbúa hátíðirnar okkar og verður sú vinna engu minni á næstu árum. Við höfum lent í margvíslegum vandamálum með skipuleggjendur okkar á hátíðunum en alltaf tekist að greiða úr þeim á einhvern hátt.

EUROGYM (EG)

Við höfum verið að skipuleggja EUROGYM sem verður haldið í Tékklandi Chéske Budejovice í júlí 2016. Við búumst við hátt í 5000 þátttakendum þar en skráning er nú á lokastigi. Boðið verður upp á 63. mismunandi vinnubúðir og 2. stutt námskeið fyrir þjálfara og aðra fullorðna einstaklinga. Útisýningar, Galasýning, opunar og lokahátíð og svo skemmtisvæði á kvöldin fyrir iðkendur. Það verður því nóg um að vera þessa vikuna þegar 5000 ungir fimleikaiðkendur frá allri Evrópu hittast. Undirbúningur hefur gengið misvel síðustu árin en virðist þó allt vera að smella saman hjá tékkunum núna. Við höfum svolítið þurft að vera með LOC nefndina í gjörgæslu á þessu undirbúningstímabili og búumst við að þurfa að vera á 24 tíma vakt alla þessa viku í sumar.

Næsta EUROGYM verður haldið í Liege í Belgíu 2018 og erum við byrjuð að vinna með LOC nefndinni þar.

European Gym for Youth/Life Challenge (EGFL)

EGFL var haldið í fyrsta skiptið sem TEST event 2014 í Svíþjóð. Það tókst með afburðum vel og voru þátttakendur ánægðir með þetta form að sýningarkeppni.

Við (TC-GFA) ætluðum að halda fyrstu EGFL í Tékklandi daginn fyrir EUROGYM og höfðum fengið vilyrði frá tékkunum um að það væri í lagi. Síðar kom það í ljós að LOC nefnd tékka gat ekki boðið upp á viðeigandi húsnæði fyrir sýningarkeppnina svo við urðum að hætta við. Næsta/Fyrsta EGFL verður því haldin í Belgíu 2018.

Golden Age (GA)

Vinnan við GA hefur gengið mjög vel og verður hátíðin sú fjölmennasta í ár.

Slóvenar hafa aldrei áður haldið fimleikahátíð að þessari stærðargráðu en við búumst við 2000 manns frá um 22 evrópulöndum. Slóvenska LOC nefndin virðist kunna að skipuleggja sig og ætla sér að gera þetta að einni bestu hátíð fyrir 50+. Vinnan með þeim(LOC) hefur því verið tiltölulega auðveld. Boðið verður upp á c.a. 30 mismunandi vinnubúðir og 2. stutt námskeið fyrir þjálfara og aðra einstaklinga. Útisýningar, Galasýning, opunar og lokahátíð og svo Golden Age þorp á kvöldin fyrir iðkendur.

Þó svo að skipulagning virðist vera góð hjá LOC nefndinni erum við samt vel á verði og ætlum að reyna að halda í það góða og vinna áfram að því að bæta. GA er miklu yngri hátíð en EG og því hefur ekki alveg verið komið fast form á hana en núna er það allt að gerast við í nefndinni erum búin að vinna ómælda vinnu við að hjálpa skipuleggjendum við að betrum bæta og öll höfum við einhverju að miðla þannig að úr verði góð hátíð.

Þann 1. Des. var ég send fyrir hönd UEG til Pesaro á Ítalíu til að kynna mér borgina og aðstæðurnar þar fyrir næsta GA sem verður haldið í september 2018. Skipulagning er komin á fullt og hefur nefndin góða tilfinningu fyrir þessari LOC nefnd og staðnum. Ítalir héldu GA árið 2014 svo þeir vita út í hvað þeir eru að fara.

Educational Choreo-Camp (ECC)

Kóreografiunámskeið var haldið fyrir Evrópska þjálfara í september 2015 í Portoroz í Slóvaníu. Þetta var í 3. skiptið sem við höldum þetta námskeið og er það alltaf að mótast betur og betur. Við vorum með 4 kennara frá mismunandi löndum: Juao frá POR, Eija frá SWE, Ilona frá GER og ég (Hlíf) frá ÍSL. Námskeiðið okkar var full setið og gekk vel. Við bættum við fræðslu fyrir þjálfara sem þjálfra 50+ og var því vel tekið.

Næsta námskeið verður árið 2017 staðsetning er ekki ákveðin en við erum í viðræðum við nokkur lönd sem vilja halda það.

Seminar Gymnastic for fun

Námskeiðið Gymnastic for fun var haldið í Svíþjóð í nóvember 2015. Þetta var í fyrsta sinn sem við höldum þetta námskeið sem var vel sótt þó aðalega af norðurlandabúum.

Á námskeiðinu var farið í það hvernig þjálfarar geti kennt fimleika móment á sem mest skapandi hátt og hvernig megi nota áhöldin að sama skapi. Við vorum með flotta fyrirlesara meðal annars Keith sem hefur starfað hjá FIG í mörg ár. Þetta var bæði verk- og bóklegt námskeið og var opið fyrir alla þjálfara í Evrópu sem voru 18 ára og eldri.

Bókin

Bókin Dimensions of Choreography kom út sumarið 2015 og var m.a. seld á Gymnaeströdu í Helsinki.

Nefndin TC-GFA-UEG ásamt sérfræðingum hefur síðustu ár unnið að gerð þessarar bókar en hana skrifuðu Ilona Gerling GER, Joao Martins POR, Eija Österberg SWE, Hlíf Þorgeirsdóttir ÍSL og Mathias Sprecher SWI. Engin slík bók hefur áður verið gefin út í Evrópu en við teljum að bókin geti hjálpað til við uppbyggingu sýningarfimleika og þá sérstaklega fyrir litlu/smærri félögin. Við (TC-GFA-UEG) fengum styrk frá FIG við gerð bókarinnar en hún er fánleg á vef UEG og kostar 20 Evrur.

Fundir

Frá síðasta FSÍ þingi höfum við haldið nokkra fundi bæði skype og venjulega. Við funduðum í Helsinki um leið og Gymnaestrada var haldin og þar vorum ég og Alberto formaður boðuð á fund með Margaret Sikkens sem er formaður Alþjóðanefndar (FIG) GFA. Þar ræddum við áframhaldandi samstarf og fræðslumál. Síðar í vikunni sótti ég fund fyrir hönd UEG með öllum formönnum og varaformönnum hverrar heimsálfu fyrir sig þar sem fræðslumál voru aðal umræðuefnið sem og almennar umræður um það hvað hver álfa er að gera í FFA. Þetta var mjög svo fróðlegur fundur og mátti sjá að flestar heimsálfur eru að glíma við sömu hlutina þ.e. að yfirvöld sjá ekkert nema keppnisþróttir.

Næsti fundur var í Slóvaníu í september 2015 þar sem nefndin fundaði, við höldum kynningarfund fyrir GA og vorum með ECC á sama tíma.

Við funduðum líka (óformlegur fundur) í Slóvakíu þegar við hittumst fyrir þing UEG í lok nóvember 2015.

Í byrjun árs 2016 funduðum við í Prag í Tékklandi og svo hélt ég fund með LOC nefndinni fyrir GA í Ljubljana í Slóvaníu.

Við funduðum líka með framkvæmdastjóranum henni Kirsi Erofejeff-Engman og George Forseta UEG.

FIG hefur undanfarin ár boðið einum meðlim UEG að vera viðstaddur á Colloquium sem þeir halda ár hvert. Ég verð send þangað í lok maí fyrir hönd UEG til Dornbirn í Austurríki þar sem næsta Gymnaestrada verður haldin 2019.

Ég hef starfað nú í 7 ár í nefnd UEG og á því eitt ár eftir en þing UEG verður haustið 2017. Ég hef nú ákveðið að bjóða mig fram á þingi FIG nú í haust í sömu nefnd um Fimleika fyrir Alla.

Stjórn FSÍ hefur ákveðið að styðja mig í þeim efnum en kostnaður er sá sami og er við UEG nefndarstörf (c.a. 3 fundir á ári) annan kostnað greiðir UEG/FIG og ég sjálf.

Mikil pólitík er alltaf á þessum þingum þannig að enginn veit hvort hann verður kosinn eða ekki en maður þarf víst að reyna til þess að komast að því.

Þannig að nú ætla ég að setja mig í framboðs stellingar (þó ekki til Forsetaembættis eins og hálf íslenska þjóðin) og sjá hvort ég næ kosningu.

Ég vil þakka Stjórn FSÍ og starfsmönnum skrifstofu fyrir stuðninginn síðustu ár ☺ þetta þing FIG verður án efa spennandi þar sem nokkur framboð eru til embættis forseta og varaforseta FIG.

Ef við viljum halda áfram að blómstra þá er það hlutverk okkar í fimleikahreyfingunni um allan heim að virkja og hlúa að grunninum.

Áfram íslenskir fimleikar

Fimleikakveðja Hlíf Þorgeirsdóttir

EUROGYM er evrópsk fimleikahátíð fyrir ungmenni, á aldrinum 12-20 ára. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opnunarhátíð. Svo taka við vinnubúðir á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Eurogym er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem partý, karóíkí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. EUROGYM er haldið annað hvert ár og verður næsta hátíð haldin í Tékklandi, sumarið 2016. Öllum fimleikafélögum í Evrópu er velkomið að taka þátt í EUROGYM. Ísland hefur tekið þátt í EUROGYM frá byrjun eða alls níu sinnum.

GOLDEN AGE er evrópsk fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opnunarhátíð en svo taka við vinnubúðir, ýmis fræðsla á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Golden Age er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem fræðsla, danspartý, karóíkí, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. GOLDEN AGE er haldin annað hvert ár, að hausti til, og verður næsta hátíð haldin í Portoroze í Slóvaníu, haustið 2016. Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá upphafi eða alls fjórum sinnum.

Seminar Gymnastic for Fun er nýtt námskeið á vegum Evrópska Fimleikasambandsins (UEG) og er ætlað þjálfurum frá Evrópu. Tilgangur námskeiðsins er að kenna þjálfurum að þjálfa grunnæfingar fimleika á skapandi hátt og einnig að kenna þeim hvernig hægt sé að nota áhöld á skemmtilegan og skapandi hátt.

Chore-camp Choreo-camp er einn liður í því að bæta sýningaratriði um alla Evrópu. Farið er yfir samsetningu sýningaratriða og þjálfurum veitt aðstoð við að gera kraftmikil og áhugaverð sýningaratriði. Námskeiðinu er skipt upp í tvo hópa, fyrir byrjendur og fyrir þjálfara sem hafa nokkra eða mikla reynslu. Choreo-camp verður næst haldið árið 2017 (löng helgi).

EUROPEAN GYM FOR LIFE CHALLENGE er sýningakeppni, sem er ný af nálinni. "Test event", eða tilraunakeppni var haldin í Helsingborg í Svíþjóð, daginn fyrir EUROGYM, árið 2014. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa sýningakeppni. Sýningakeppnin er opin öllum fimleikafélögum. Keppt verður í nokkrum flokkum. Keppnin verður næst í Belgíu sumarið 2018 daginn fyrir EUROGYM.

Skýrsla tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum

Nefndina skipuðu; Berglind Pétursdóttir formaður, Hildur Ketilsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Ragna Þyri Ragnarsdóttir og Sif Pálsdóttir.

Megin verkefni nefndarinnar var að setja upp dómaraplön fyrir mót, finna út fjölda dómaragilda á félögin og útvega dómara. Skipulag móta var einnig talsvert á herðum Tækninefndar. Sömu áherslur voru þetta árið og síðast, að stytta tímalengd mótshluta, hafa nákvæmt tímaskipulag á mótunum og bæta umgjörð móta.

Reynt var eftir fremsta megni að hafa mótshluta ekki of langa sem yfirleitt gekk eftir nema á þeim mótum sem eru orðin of fjölmenn og ekki hægt að skipta upp. Komin er tími á að endurskoða uppbyggingu móta og skipulag, jafnframt að velja “rétt” keppnishús fyrir hvert mót þ.e. fimleikasal sem getur tekið við þeim fjölda keppenda sem skráðir eru. Þegar fjölmenn mót eru þá þarf keppnishúsið að geta haft tvö sett af keppnisáhöldum.

Mikilvægt er að tímalengd móta sé innan ákveðins ramma bæði fyrir keppendur og áhorfendur. Okkur hefur farið fram í mótahaldi en það er enn þættir í mótahaldi sem þarf að bæta. Eitt af því er sýning einkunna. Hluti af keppninni er að geta fylgst með einkunnagjöf, keppendur og þjálfarar eiga rétt á að sjá einkunnir á keppnisstað.

Á mótum FSÍ er notað rafrænt einkunnakerfi sem er farið að virka yfirleitt vandræðalaust og er góð viðbót í mótahaldi. En einkunnir þurfa að vera sýnilegar inn á keppnisgólfinu.

Á síðasta ári ákvað Tækninefnd að hækka gildi ákveðna sérkrafna í dómgæslu, í unglinga- og stúlknaflökki. Þessi hækkun á gildi sérkrafna var einnig notuð á þessu ári og hefur skilað okkur auknum framförum.

Í ár var útnefndur Stigameistari í kvenna- og unglingaflokki í þriðja sinn. Gefin eru stig fyrir ákveðin sæti á ákveðnum mótum. Í ár var útreikningur stiga fyrir Stigameistarann endurskoðaður og breytt frá síðasta ári. Fleiri mót telja í Stigameistarann en áður. Vonandi verður hægt að þróa Stigameistarann en frekar, gera stigakeppnina spennandi og hægt verði að fylgjast með stigum á heimasíðu FSÍ.

Tækninefnd stóð fyrir dómarafundum fyrir hvern mótshluta á fimleikamótum FSÍ. Þar var farið yfir breytingar og áherslur í dómgæslu. Dómgæsla í áhaldafimleikum er flókin og dómara þurfa að vera í æfingu til að geta dæmt hratt og rétt. Nokkuð vel hefur tekist að manna dómaranefndir fyrir mótin en það fer mikil vinna í það hjá Tækninefnd. Reglan er að félögin eiga að tilnefna ákveðin fjölda dómara á mót sem er í hlutfalli við fjölda keppenda. Sum félög eru ekki að standa sig, reyna ekki að finna dómara og varpa ábyrgðinni á aðra. Þannig að það kemur í hlut Tækninefndar að útvega dómara fyrir félögin svo hægt sé að halda mót.

Margir dómara koma að mótahaldi FSÍ. Stefna Tækninefndar er að þjálfa upp og auka reynslu dómara. Til að auka og viðhalda færni dómara þá er miðað við að þrír sé lágmarks fjöldi í dómaranefnd á áhaldi. Gagnrýni hefur komið á þennan lágmarksfjölda og byggist sú gagnrýni yfirleitt á kostnaðarhlið dómgæslu og vinnu við að útvega dómara en ekki gæðum dómgæslu.

Nokkur umræða var hjá Tækninefnd um reglur Fimleikastigans, Kröfur móta og Móta og keppnisreglur sem stangast stundum á og þarf að endurskoða.

Síðasta haust var haldið dómaranámskeið á Akureyri og bættust þá sex E-dómarar í dómarahópinn.

Umræða um dómaragreiðslur kom reglulega upp á árinu og enn margt óleyst þar. Tækninefndin sendi samantekt á dómara og félögin eftir hvert mót, með hver dæmdi fyrir hvern og hversu marga hluta.

Tvö stór alþjóðleg verkefni voru á árinu hér heima, Smáþjóðleikar í júní 2015 og Norðulandamót fullorðna og unglinga í maí 2016. Bæði mótin voru haldin í Fimleikahúsi Ármanns og tókust vel.

Verkefnið Tokyo 2020 hefur legið niðri á árinu. Vinnuhópur verkefnisins fundaði í vetur til að reyna endurvekja verkefnið og óska eftir fjármagni í það.

Það er enn áhugi hjá vinnuhópnum að koma verkefninu aftur á og telur hópurinn verkefnið hafa skilað árangri sem má sjá m.a. á úrvalshópi unglunga.

Tækninefnd kvenna vill þakka öllu fimleikafólki samstarfið á árinu.

f.h. Tækninefnd kvenna

Berglind Pétursdóttir

Skýrsla tækninefndar karla í áhaldafimleikum

Á þingi Fimleikasambands Íslands, 2. maí 2015, var Sigurður Hrafn Pétursson kjörinn formaður tækninefndar karla í áhaldafimleikum (TK).

Starfsskipan innan nefndarinnar

Sigurður Hrafn Pétursson - Formaður
Anton Heiðar Þórólfsson - Varaformaður
Axel Ólafur Þórhannesson - meðlimur
Björn Magnús Tómasson - meðlimur
Daði Snær Pálsson - meðlimur

Almenn störf nefndarinnar

Almenn störf voru unnin samkvæmt starfslýsingu tækninefnda. Fundargerðir eru til staðar á heimasíðu FSÍ. Nefndin hjálpaði skrifstofu við undirbúning móta og skipulag á dómaraþlönnum fyrir mót innanlands. Nefndin fundaði á netinu í gegnum tölvupósta og notaðist við verkefnaborð á vefsíðunni www.trello.com til að halda utan um stöðu verkefna og Google Drive til að geyma skjöl.

Dómaramál

Það eru sjö alþjóðlegir dómarar skráðir hjá TK en þeir hafa mismikil tök á því að taka að sér verkefni. Þau alþjóðlegu verkefni sem íslenskir MAG dómarar hafa tekið að sér á tímabilinu koma fram að neðan. Oftast gekk ágætlega að manna stöður á mótum innanlands en dómarskráningar frá félögum áttu það til að koma seint og um síðir. Það gerðist þó að mót voru mönnum með færri dómurum en TK telur vera við hæfi og er það eitt af meginmarkmiðum TK að stækka dómarahóp íslenskra dómara. Ef hópurinn er smár, þá lendir megnið af dómgæslunni á sömu herðunum mót eftir mót og á endanum sligast fólk undan álaginu og hverfur frá. Stækki hópurinn er hægt að dreifa álaginu á fleiri dómara og halda fólki lengur við störf. Tækninefnd karla stóð fyrir dómarahitting í byrjun mars sem heppnaðist mjög vel. Þar voru fimleikaæfingar af heimsmeistaramóti dæmdar og farið yfir ýmis atriði tengd alþjóðlegu reglum FIG undir handleiðslu Antons.

Skipulagning móta

Starfsfólk skrifstofu FSÍ og þau félög sem halda mót sáu um skipulagningu á mótum tímabilsins. TK skipti á milli sín mótunum og dreifðust þau jafnt tvö á mann. Tengiliður TK við skrifstofu sá þá um að hjálpa til við að móta skipulagið, setja upp dómaraþlön og tilnefna yfirdómara á mótið. Mótshlutar í áhaldafimleikum karla stóðust að mestu tímaplön og voru yfirleitt á undan áætlun.

Verkefni

Tímabilið er apríl 2015 - apríl 2016. Farið verður yfir þáttöku Íslands á alþjóðlegum mótum.

Evrópumót senior 13. - 19.apríl 2015 Frakklandi

Ísland sendi 4 keppendur til keppni. Dómarar í ferðinni voru Anton Heiðar Þórólfsson og Björn Magnús Tómasson.

NMJ og NM youth 22. - 24.maí 2015 Finnlandi

Ísland sendi lið til þáttöku í bæði junior og youth flokki. Dómarar í ferðinni voru Axel Bragason, Björn Magnús Tómasson og Daði Snær Pálsson

Smáþjóðaleikarnir 1. - 6.júní 2015 Íslandi

Ísland sendi lið til þáttöku. Dómarar á mótinu voru Daði Snær Pálsson og Sigurður Hrafn Pétursson.

Evrópuleikarnir Baku 12. - 28.júní 2015 Azerbaijan

Ísland sendi einn keppanda í karlaflokki og dómari í ferðinni var Björn Magnús Tómasson eftir val Evrópska fimleikasambandsins UEG.

Ólympíuleikar evrópuæskunnar, EYOF, 26. - 31.júlí 2015 Georgia

Ísland sendi ekki keppendur til keppni. Dómari á mótinu var Daði Snær Pálsson.

NEM 19. - 20.september 2015 Írlandi

Ísland sendi lið til þátttöku. Dómarar á mótinu voru Heimir Jón Gunnarsson og Sigurður Hrafn Pétursson.

HM 23.október - 1.nóvember 2015 Skotlandi

Ísland sendi tvo keppendur til þátttöku. Dómari á mótinu var Anton Heiðar Þórólfsson.

Næstu mót á tímabilinu 2016 - 2017

Norðurlandamót senior og junior á Íslandi verður haldið í Laugabóli og Norðurlandamót u14 verður haldið í Finnlandi helgina 6. - 8.maí 2016. Evrópumót verður í Bern, Sviss, 25. - 29.maí 2016. Þar er keppt bæði í senior og junior. Ólympíuleikarnir verða svo haldnir í Ríó, Brasilíu, 5. - 21.ágúst og þangað hefur Alþjóða fimleikasambandið (FIG) boðið Antoni Heiðari Þórólfssyni að fara sem dómari. Það verður að teljast mikill heiður fyrir Anton og vill TK óska honum til hamingju með valið. Norður Evrópumót verður svo haldið í október.

Árið 2017 munu eftirfarandi mót verða haldin: NM junior og u14, NEM, EM í Rúmeníu, Smáþjóðaleikar í San Marino, Evrópuleikar æskunnar í Ungverjalandi og HM í Kanada

Þakkir

Tækninefnd karla þakkar nefndarfólki í tækninefnd í áhaldfímleikum kvenna FSÍ og fræðslunefnd FSÍ fyrir gott samstarf.

Nefndin vill að lokum koma fram þökkum til allra þeirra sem lögðu henni lið á tímabilinu, en góð samskipti og samvinna aðildarféлага og starfsfólks skrifstofu við nefndir FSÍ er lykillinn að farsælu starfi hreyfingarinnar.

Fyrir hönd tækninefndar karla í áhaldafímleikum FSÍ

Sigurður Hrafn Pétursson

Skýrsla tækninefndar í hópfinleikum

Nefndina skipuðu:

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður
Henrik Pilgard varaformaður
Lóa Guðrún Gísladóttir ritari
Kristinn Þór Guðlaugsson
Karen Jóhannsdóttir

Keppnisreglur á Íslandi

Keppt var eftir CoP 2013 með undanþágum í 1. - 5. flokki. Í meistaraflokki var keppt eftir uppfærðum reglum CoP, en þær tóku gildi um áramót. Í keppni 1. flokks á haustmóti var því keppt eftir eldri útgáfu CoP, en á öllum mótum eftir áramót kepptu 1. flokkur A og B og meistaraflokkur A og B eftir nýjum og endurbættum CoP.

Í yngri flokkunum var stuðst við þær undanþágur sem notaðar voru tímabilið á undan og reynsla þess tímabils notuð til að endurbæta íslensku reglurnar. Þá var því bætt við að liðum í 1. flokki stóð til boða að skrá sig í B-flokk, en það var nokkuð sem hafði verið gert hjá meistaraflokk veturinn á undan og gengið mjög vel. Í vetur höfðu því 1. flokkur og meistaraflokkur tækifæri á að keppa í B-deild og voru gerðar undanþágur fyrir þá flokka, sem ekki áttu við í A-deildunum.

Deildarkeppnin var á sínum stað, en hún hefur tekist vel hingað til og nauðsynlegt er að flokka liðin í deildir, þar sem fjöldi keppenda er orðinn gríðarlegur. Í fjórða, þriðja og öðrum flokki eru sjö lið í hverri deild en í fyrsta flokki og meistaraflokki eru 5 lið í hverri deild. Í fimmta flokki fá allir þátttökuverðlaun.

Í vetur náðist að keppa í þremur deildum í 3. flokki og 4. flokki og í tveimur deildum í 2. flokki. Í fyrsta flokki var keppt í A-deild og B-deild og það sama var uppi á tengingnum í meistaraflokkinn. Alls kepptu 10 lið í 1. flokki í vetur og 10 lið í meistaraflokki, 3 í KVK, 4 í KVK B-deild og 3 í flokki blandaðra liða.

Innlend mót

Haldin voru sex mót á tímabilinu í hópfinleikum, þar af eitt á haustönn og svo fimm á vorönn.

Haustmótið var haldið á Akranesi og var það mót fyrir 4.-1.fl og gekk mjög vel. Eftir áramót voru fimm mót haldin. Það fyrsta var WOW-mótið sem haldið var á Selfossi þar sem meistaraflokkur og 1.fl kepptu. Helgina eftir það var Bikarmót unglunga sem haldið var í Gerplu en það mót var fyrir 5.fl - 1.fl og endaði það mót á að vera mjög stórt og fór fjöldi keppanda yfir 1000 í fyrsta skipti á Íslandi. Því næst var Bikarmót fullorðinna sem haldið var í Stjörnunni og var það mót sjónvarpsmót og gekk mjög vel fyrir sig. Þar á eftir var Íslandsmót fullorðinna sem haldið var að Ásvöllum og var það fimleikafélagið Björk sem hafði umsjón með því móti. Síðast en ekki síst er það fjölmennasta mót ársins sem er Íslandsmót unglunga sem haldið verður á Selfossi í maí, þar sem 5.fl -1.fl keppir. Liðin í 1. flokki höfðu um 3 til 4 mót að velja til að keppa á yfir tímabilið en þrjú mót töldu inni Deildarkeppnina.

Hjá öðrum flokkum giltu Haustmót, Bikarmót unglunga og Íslandsmót unglunga.

Úrtökumót fyrir Norðurlandamót Unglinga

Haustmót, WOW-mót og Bikarmót unglunga voru notuð til að skera úr um hvaða lið næðu þátttökurétti á norðurlandamóti unglunga sem haldið var í Odense í Danmörku í apríl 2016. Liðin fengu stig eftir hvert mót eftir því í hvaða sætum þau lentu. Liðin gátu valið um að keppa á öllum þremur mótunum en einungis tvö bestu mótin töldu til stiga hjá hverju liði. Á endanum voru það Stjarnan og Gerpla sem komust áfram í kvk flokki og kk lið Stjörnunar vann sér einnig rétt til að fara á mótið.

Dómaranámskeið

Að þessu sinni var ekki haldið dómaranámskeiði, en póstur var sendur á félögin og athugað hvort þörf væri á því. Ekki fengust nægilega mörg jákvæð svör til þess að talið væri að á því væri þörf. Á haustönn stóð THF fyrir upprifjunarnámskeiði fyrir dómara, þar sem Bergþóra fór og talaði við þá dómara sem mættu, Sólveig Jónsdóttir var með erindi um dansinn og að lokum fóru allir dómara í Ásgarð og dæmdu þar 1. flokk Fjölnis og 1. flokk Gerplu. Það var góð æfing fyrir dómara að dæma "lifandi" keppendur sem æfingu, en á dómaranámskeiðum eru eingöngu dæmd myndbönd.

Námskeiðið var frítt, vel sótt og gekk vel.

